ANTIKVA EHF 2023

# Mosfellsdalur

## Hraðastaðir, Æsustaðir,

## Norður-Reykir og Hlaðgerðarkot

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

**Rúna K. Tetzschner, Ragnheiður Traustadóttir og Hermann J. Hjartarson**





**Kort 1. Kort sem sýnir staðsetningu skráningarsvæðis.**

Forsíðumynd: Fjárhús [2798] úr torfi og grjóti með steinsteyptum garða á Norður-Reykjum.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir og Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-525-29-1

Verkefnanúmer MÍ: 2898

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner, Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit

Inngangur ..... 11

Fornleifaskráningar ..... 12

Skráningarsvæðið ..... 13

Tilgangur fornleifaskráningar ..... 13

Fornleifaskráning og aðferðir ..... 18

Minjanúmer ..... 18

Tegund, hlutverk og heiti ..... 18

Staðsetning ..... 18

Staðhættir og lýsing ..... 19

Hættumat ..... 19

Fornleifar á svæðinu ..... 20

Hraðastaðir [243] ..... 20

Bæjarstæði [2898-2858], kálgarður [2898-2859] og heimreið [2898-2860] heimild ..... 21

Fjós [2898-2861] heimild ..... 22

Útihús [2898-2862] heimild ..... 23

Útihús [2898-2863] heimild ..... 24

Túngarður [2898-2864] túngarðsleifar ..... 24

Stöðull [2898-2866] kvíar, rétt ..... 26

Útihús? [2898-2867] veggjarbrot? ..... 28

Varða [2898-2868] heimild ..... 29

Fjárhús [2898-2920] heimild ... 29

Hraðaborg – fjárborg [2898-2865] hóll, beitarhús – fjárhús [2898-2869] og heygarður [2898-2870] tóftir ... 30

Stekkur [2898-2871] tóft ... 32

Hraðaleiði [2898-2872] landamerki − legstaður ... 34

Æsustaðir [245] ... 37

Bæjarstæði [2898-2850] og heimreið [2365] heimild ... 37

Lambhús [2898-2886] heimild ... 38

Útihús [2898-2927] heimild ... 39

Kálgarðar [2898-2854] heimild ... 39

Æsuleiði [2898-2851] álagablettur ... 40

Æsustaðahver – Æsustaðalaug [2898-2852] heimild ... 41

Fjárhús [2898-2915] heimild ... 41

Mógröf [2898-2916] heimild ... 42

Stekkur [2898-2695], kvíar [2898-2696] tóftir og Stekkjargata [2898-2917], Nípugata [2898-2918] og Trönholtsgata [2898-2918] götur ... 42

Leið [2717-2322] gata ... 46

Leið [2717-2323] gata ... 48

Steinsteypt hús [2717-2321], [2717-2324] og [2717-2327] hús ... 48

Skotbyrgi − varða [2898-2697] og vörður [2898-2698 / 2699 / 2765 / 2767 / 2766] ... 49

Steyptur stöpull [2898-2768] ... 55

Norður-Reykir [246] ... 56

Bæjarstæði [2898-2794] tóftarhóll og [2898-2795] dæld og [2898-2796] garðlag.............59
Geymsla [2898-2797] tóft ........................................................................................63
Reykjahver – Reykjalaug [2898-2853] heimild ...............................................................63
Kálgarður [2898-2793] garður.................................................................................65
Traðir [2898-2703] traðir.......................................................................................65
Kálgarður [2898-2706] garður.................................................................................66
Fjárhús [2898-2798] tóft.........................................................................................67
Túnahreinsun [2898-2912] grjóthrúga........................................................................69
Útihús [2898-2911] tóft − hóll..................................................................................70
Beitarhús [2898-2700] og heygarður [2898-2760] tóftir....................................................71
Stekkur [2898-2701] tóft .........................................................................................74
Vörður [2898-2763 / 2764 / 2762 / 2761] landamerki .......................................................75
Leið [2898-2708] gata .............................................................................................78
Hlaðgerðarkot [247] ...................................................................................................78
Bæjarstæði [2898-2704], kálgarður [2898-2363] og heimreið [2364] heimild...................81
Útihús [2898-2792] tóft...........................................................................................82
Fjárhús [2898-2702] tóft..........................................................................................84
Útihús [2898-2705] dæld..........................................................................................85
Útihús [2898-2855] heimild ......................................................................................85
Útihús [2898-2856] heimild ......................................................................................85
Kálgarður [2913] heimild ..........................................................................................86

Laug [2898-2857] heimild ... 86
Kvíar? [2898-2799] þústir ... 87
Víghóll [2898-2914] sagnastaður ... 87
Samantekt og niðurstöður ... 89
Minjar innan skráningarsvæðis eða fast við mörkin ... 89
Fjögur bæjastæði ... 89
Hraðastaðir ... 90
Æsustaðir ... 90
Norður-Reykir ... 90
Hlaðgerðarkot ... 91
Minja utan suðurmarka svæðis ... 91
Heimildir ... 93
Kort og landamerkjaskrár ... 94
Árnastofnun – Örnefnasafn ... 95

## Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands ... 17
Mynd 2. Tóft [2862] sem skráð var árið 1980 er horfin og á staðnum er rusl. ... 23
Mynd 3. Leifar túngarðs [2864] sem lent hefur undir lóðarruðningi norðan við Hraðastaði 3 og 3A. ... 24
Mynd 4. Leifar af túngarði, austan við Hraðastaði 3 og 3A. ... 25
Mynd 5. Leifar af rétt [2866] sem hlaðin var utan í túngarð [2864]. ... 27

Mynd 6. Horft norðvestur yfir beitarhústóft [2869]. 30

Mynd 7. Heygarður [2870]. 31

Mynd 8. Tóftir [2869] og [2870] eru ofan í smáhæð [2865] með miklum þústum. 32

Mynd 9. Horft suður yfir stekkjartóft [2871]. 33

Mynd 10. Hraðaleiði [2872]. 34

Mynd 11. Æsustaðir í dag. 39

Mynd 12. Bjarki Bjarnason stendur hér ofan á Æsuleiði [2851]. Ljósmynd: Ómar Smári Ármannsson. 40

Mynd 13. Stekkur [2695] utan í brekku og tóft [2696]; horft norður. Mynd: Ómar Smári Ármannsson. 42

Mynd 14. Stekkur [2695]. Ljósmynd: Ómar Smári Ármannsson. 43

Mynd 15. Tóft [2696]. 44

Mynd 16. Lækur austan við tóftir af Stekk [2695] og kvíar [2696]; horft vestur til tóftanna. 45

Mynd 17. Gata [2717-2322] liggur meðfram girðingu við Hlaðgerðarkotsveg og hverfur við húsið. 47

Mynd 18. Slóðin [2717-2323]; horft í vestur. 48

Mynd 19. Skotbyrgi – varða [2697] á Gildruás á Æsustaðafjalli. 49

Mynd 20. Varða [2698]. 50

Mynd 21. Varða [2699]. 52

Mynd 22. Varða [2765]. 53

Mynd 23. Varða [2767]. 53

Mynd 24. Varða [2766]. 54

Mynd 25. Steyptur stöpull [2768]. ........ 55

Mynd 26. Norður-Reykir í dag. H.m. við húsið eru tóftir [2794] og garðlag [2796]........ 57

Mynd 27. Túnakort Norður-Reykja. ........ 58

Mynd 28. Norður-Reykir. Gamla bæjartóftin [2794] til hliðar við núverandi íbúðarhús. Mynd: Ómar Smári Ármannsson. ........ 60

Mynd 29. Tóftarbrot sem opnast austur úr tóftahól [2794]. Líklega eru þarna leifar gamla bæjarstæðisins. ........ 60

Mynd 30. Dæld [2795] frá húsgrunni? Lengra í burtu sést útihústóft [2797]. ........ 61

Mynd 31. Garður [2796]. ........ 62

Mynd 32. Útihús [2797]. ........ 62

Mynd 33. Á herforingjaráðskorti Dana frá árinu 1909 sést að skammt var milli Hlaðgerðarkots, Æsustaða og Norður-Reykja. Tún bæjanna rennur saman og um miðbik þess er hinn forni Reykjahver [2853]. Hraðastaðir eru austar en öll þessi fornu bæjarstæði eru innan skráningarsvæðisins........ 63

Mynd 34. Gamall kálgarður [2793] í túni Norður-Reykja. ........ 64

Mynd 35 Leifar af tröðum [2703] Norður-Reykja. ........ 66

Mynd 36. Fjárhús [2798]. Minna húsið er framar á myndinni. Í baksýn v.m. sést núverandi íbúðarhús Norður-Reykja og h.m. eru Æsustaðir. ........ 68

Mynd 37. Grjóthrúga frá túnahreinsun [2912] milli Æsustaða og Norður-Reykja sem sjást fyrir neðan. ........ 70

Mynd 38. Hóll með óljósum veggjabrotum ofan Norður-Reykja. ........ 71

Mynd 39. Beitarhús [2700]. ........ 72

Mynd 40. Stekkur [2701]. ........ 74

Mynd 41. Túnakort Hlaðgerðarkots frá 1916. 80

Mynd 42. Þessi stóri hóll er fast sunnan við Hlaðgerðarkotshúsið og er tóft [2792] norðan í honum. 81

Mynd 43. Horft suðvestur yfir útihústóft [2792]. 82

Mynd 44. Horft norður yfir fjárhús [2702]. Dælustöðvarhús sést v.m. 83

Mynd 45. Þústir [2799]. Mögulega hafa þarna verið kvíar. 87

# Kort

Kort 1. Kort sem sýnir staðsetningu skráningarsvæðis. 2

Kort 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar. 12

Kort 3. Dreifing minja á Hraðastöðum. 20

Kort 4. Túnakort Hraðastaða frá árinu 1916. 22

Kort 5. Leifar af túngarði [2864] Hraðastaða. 26

Kort 6. Rétt [2866] og mögulegt veggjarbrot [2867]. 28

Kort 7. Beitarhús [2869] og heygarður [2870], byggð ofan í fjárborgina Hraðaborg [2865]. 29

Kort 8. Stekkur [2871] hlaðinn upp við hæðarbakka sem myndar austurvegginn. 33

Kort 9. Hraðaleiði [2872] er sennilega náttúrulegur hóll. 35

Kort 10. Dreifing minja á Æsustöðum. 37

Kort 11. Túnakort Æsustaða frá 1916. 38

Kort 12. Stekkur [2696] og kvíar [2695]. 46

Kort 13. Vörður og aðrar minjar á Æsustaðafjalli. 54

Kort 14. Dreifing minja í Hlaðgerðarkoti og á Norður-Reykjum. ........................................... 56

Kort 15. Minjar í bæjarstæði Norður-Reykja [2794 / 2795 / 2796 / 2797]. ............................. 59

Kort 16. Kálgarður [2793]. ....................................................................................................... 65

Kort 17. Fjárhústóft [2798] sunnan við tún Norður-Reykja. ..................................................... 69

Kort 18. Beitarhús [2700] ásamt heygarði [2760] og stekkur [2701] nokkru sunnar. ............. 73

Kort 19. Nokkrar minjar í túnum Hlaðgerðarkots (t.v.) og Norður-Reykja (t.h.). ................... 78

Kort 20. Tóftir [2702] og [2792] frá útihúsum og dæld [2705]. .............................................. 84

Kort 21. Kvíar [2799]. Mögulega leynast þarna umfangsmeiri minjar. ................................... 86

# Inngangur

Að beiðni skipulagsyfirvalda Mosfellsbæjar tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér skráningu fornleifa vegna deiliskipulags í Mosfellsdal þar sem gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun íbúða og landbúnaðarsvæðis en ekki er ljóst hversu mikið af svæðinu verður skilgreint sem íbúðarhúsabyggð. Skráningin fékk verknúmerið 2898 hjá Minjastofnun Íslands.

Skráðar voru 73 minjar, þar af 68 fornleifar og af þeim sjást 44 á yfirborði. Gæta þarf að því að þarna eru fjögur gömul bæjastæði: Hraðastaðir, Æsustaðir, Norður-Reykir og Hlaðgerðarkot. Tóftir frá eldri bæ eru þó einungis sýnilegar á Norður-Reykjum en fleiri minjar leynast mögulega í jörðu og undir byggð. Minjar á svæðinu tengjast búsetu og búskap á þessum bæjum og má þar nefna stekki, fjárhús, beitarhús, kvíar og garða.

Minjar eru varðveittar sunnan í túni Hraðastaða, í túni Norður-Reykja og sunnan við Hlaðgerðarkot. Hraðaleiði er hóll á bakka Suðurár og Æsuleiði aflöng upphækkun utan í brekku við Æsustaði, líklega náttúrumyndanir en hafa gildi sem sagnatengdir staðir. Allnokkrar minjar voru einnig skráðar utan með mörkum svæðisins, einkum að sunnanverðu en þar eru meðal annars kvíar, stekkir, beitarhús og merkilegar vörður á Æsustaðafjalli.

Fimm minjar við bæina hafa horfið vegna rasks á þeim tíma sem liðinn er frá eldri skráningu 1980. Túngarður á Hraðastöðum hefur auk þess næstum því verið eytt og rétt sem byggð var utan í hann er mjög röskuð.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgja skrár og stafrænn hnitagrunnur.



**Kort 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar.**

# Fornleifaskráningar

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006 er saga Æsustaða rakin og fornleifar skráðar á jörðinni.[1] Sú skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar staðsettar á kort og þær sem hafa ratað inn á vefsjá sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmlega staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag.

Ragnheiður Traustadóttir og Margrét Valmundsdóttir önnuðust auk þess fornleifaskráningu á vegum Antikva ehf. árið 2019 vegna deiliskipulags á 9 ha. spildu sem er inni á núverandi

[1] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 211-215.

skráningarsvæði, þ.e. sunnan megin. Við þá skráningu var notast við nýjustu staðla Minjastofnunar Íslands en samkvæmt þeim ber meðal annars staðsetja og mæla upp allar minjar. Það var líka gert í skráningunni sem hér fer á eftir og er hún því viðameiri og nákvæmari en skráning á svæðinu frá árinu 2006 og fyrr. Þó er stuðst við lýsingar úr fyrri fornleifaskráningum eftir því sem við á.

## Skráningarsvæðið

Skipurlagssvæðið tekur til svæðis sunnan Þingvallavegar, milli hans og Hlaðgerðarkotsvegar. Úr suðri rennur Norður-Reykjaá sem einnig er oft nefnd Suðurá, sveigir þvert vestur yfir svæðið og sameinast Köldukvísl norðan Þingvallavegar. Dreifð byggð er milli Þingvallavegar og árinnar og austast eru tjaldsvæðið Mosskógar og gróðrarstöðin Dalsgarður. Vestan megin á svæðinu teygir byggðin sig örlítið suður fyrir ána en að öðru leyti er þarna óbyggt land að mestu, enn sem komið er. Þetta svæði hefur að stórum hluta verið sléttað undir tún eða ræktarland en sunnan við það er skóglendi. Skráningarsvæðið var víkkað út til suðurs þannig að minjar voru einnig skráðar í fjallshlíðinni og uppi á fjalli.

Svæðið liggur þvert á landamerki nokkurra fornra jarða. Vestan megin er hluti af landi Hlaðgerðarkots og Norður-Reykja, um miðbikið sunnan megin nær það yfir nokkuð af landi Æsustaða og austan megin teygir það sig inn á land Hraðastaða. Land Mosfells nær einnig inn á norðanvert svæðið en þar fundust engar minjar. Gljúfrasteinn er rétt utan við austurmörk svæðisins.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

| Attribute | Value |
|---|---|
| Id | 2700 |
| Name | Beitarhús |
| Class | Arkeologiska object |
| Eldra_minj_id | 246-10 |
| Minj id | 2898-2700 |
| Verkefna nr | 2898 |
| Sérheiti | |
| Bæjarnafn | Norður Reykir |
| Jarðatal Johnsen | 246 |
| Flokkun | Búsetuminjar |
| Tegund | Tóft |
| Efni | Torf og grjót |
| Lengd | 15 meter |
| Breidd | 7.4 meter |
| Hæð | 1,5 metrar |
| Veggjahæð frá | 0.5 |
| Veggjahæð til | 1,5 |
| Breidd veggjar | 2 |
| Athugasemdir | |
| Umhverfi | Tóftin er grasi vaxinni dæld svhlið Æstustaðafjall |
| Aðalsvædi | Mosfellsdalur |
| Svæði | Æsustaðafjall |
| Túnakort | Nei |
| Heimildir | |
| Örnefnaskrá | |
| Aldur frá | 1900 |
| Aldur til | 1940 |
| Skráning | RT-RKT-HJH |
| Mæling | Uppmæling |
| Dagur | 29.12.2021 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Mikil hætta |
| Hættuorso | Vegna trjáræktar |
| Ástand | Greinanlegar fornleifar |
| Minjagildi | Mikið |
| Verkefni | Deiliskipulag N-Reykir |
| Sveitarf | Mosfellsbær |
| Gróður | Gras, birkitré |
| Friðað | Já |
| Friðlýst | Nei |
| Hlutverk | Beitarhús |

**Mynd 1. Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar allar undir jarðirnar Hraðastaði, Æsustaði, Norður-Reyki og Hlaðgerðarkot. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

## Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Æsuleiði [2898-2851]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „stekkur [2898-2695]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunnar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Mosfellsbæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Reykjahver [2898-2853], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis fjárhús eða kvíar.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp

GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að máist í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa 24 fornleifar horfið af yfirborði og er eingöngu getið í heimildum. Tvær fornleifar eru auk þess verulega raskaðar frá fyrri skráningu.

# Fornleifar á svæðinu




**Kort 3. Dreifing minja á Hraðastöðum.**

# Hraðastaðir [243]

Hraðastaða er fyrst getið í skrá yfir kvikfé og leigumála af jörðum Viðeyjarklausturs frá 1395: „aa Hradastodvm. iij. merkur“[2] og síðan í fógetareikningum áranna 1547-1552, þá komnir í eigu konungs.[3] Jörðin var enn konungseign við jarðaskráningu árið 1704 og ábúandi einn leiguliði[4] en 1847 var hún komin í bændaeign, metin 10 hundruð, og eigandinn bjó þar sjálfur.[5] Við gerð landamerkjaskrár 1890 var Nikulás Jónsson í Norðurkoti eigandi hálfrar jarðarinnar.

---

[2] *Íslenzkt fornbréfasafn*, III, 598
[3] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII, 110, 136, 151, 171 og 397.
[4] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*, III, 320-321.
[5] *Jarðatal á Íslandi*, 95.

Síðar var jörðinni skipt í fjögur býli: Hraðastaðir 2 og 3 voru stofnaðir á árunum 1962-1964 og sambýlið Hraðastaðir 4 á árunum 1972-1973.[6] Jörðin er enn í ábúð.

Í landamerkjaskrá frá 1890 segir að merki jarðarinnar liggi:
„1. Á vestursíðuna milli Mosfells og Hraðastaða, úr Köldukvísl móts við Laxnesslækjarmynni ofan við Svörtukeldu beina línu í Hraðaleiði við suður ána (Æsustaðaá). Sú á ræður merkjum milli Æsustaða og Hraðastaða alla leið upp að Markasteini.
2. Á suðursíðuna milli Helgadals og Hraðastaða, úr nefndum Markasteini uppí vörðu á miðju Grímmannsfelli; úr þeirri vörðu beina stefnu í Stórhól; úr Stórhól beina línu norður í Gljúfrið austanvert, við svonefndan Hraðablett.
3. Á norðursíðuna milli Mosfells [...] Laxness [og Hraðastaða] ræður nefnt Gljúfur og Kaldakvísl alla leið niður á móts við Laxnesslækjarmynni, sem fyrst er nefnt.“[7]

Í örnefnalýsingu segir auk þess: „Reyndar er nú kominn Merkjalækur á móti Helgadal en það er skurður.“[8]

### Bæjarstæði [2898-2858], kálgarður [2898-2859] og heimreið [2898-2860] heimild

Á túnakorti frá 1916 má í miðju túni sjá gamla bæjarstæðið á Hraðastöðum. Í miðju stæðinu er bærinn, fjórhólfa húsalengja hlaðin úr torfi og grjóti, líklega með standþili á göflum. Húsin snúa suðvestur og þeim megin er kálgarður.[9] Bak við og þvert á þau, innan garðsins, er tvíhólfa timburhús með bárujárnsþaki og líklega bárujárnsklætt, og austan megin er annað stakt hús, tvískipt.[10] Heimreið liggur norður að bæjarstæðinu og önnur gata liggur frá húsum áfram norður um túnið.[11] Engar minjar eru lengur um þessi mannvirki á yfirborði en á Hraðastöðum er allmikil byggð. Líklega hefur bærinn verið á sömu slóðum gegnum aldirnar

---

[6] *Jarðaskrár 1958-1979.*
[7] *Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu.*
[8] Ö-Hraðastaðir AG.
[9] *Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit*; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-1/4.
[10] *Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit*; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-2/3.
[11] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-6.

þannig að gamla bæjarstæðið hefur horfið undir núverandi hús og gætu leifar eldri bygginga leynst undir þeim.




**Kort 4. Túnakort Hraðastaða frá árinu 1916.**

## Fjós [2898-2861] heimild

Við fornleifaskráningu árið 1980 var skráð rúst af fjósi í túninu heima við bæinn. Rústin var um 7 x 14 m að innanmáli, veggir 1,5-1,7 m á hæð og um 2 m á breidd, hlaðnir úr höggnu grágrýti. Gólfið er steypt og flór eftir því endilöngu. Fjósið hefur ekki náð að komast á túnakort sem var gert 1916 enda að sögn Bjarna Bjarnasonar á Hraðastöðum 2, ekki byggt

fyrr en um 1920 og síðan rifið um 1978.[12] Þessi tóft er ekki lengur sýnileg og virðist hafa lent undir vegi.



**Mynd 2. Tóft [2862] sem skráð var árið 1980 er horfin og á staðnum er rusl.**

## Útihús [2898-2862] heimild

Við fornleifaskráningu árið 1980 var könnuð tóft af útihúsi í túninu á Hraðastöðum. Til að sjá var rústin eins og talsvert áberandi ferningslaga þúst, um 3 x 4 m að innanmáli, veggir um 1,5 m á breidd. Inngangur var á norðurgafli, nær austurvegg. Að sögn Bjarna Bjarnasonar bónda var húsið brotið niður ásamt fleirum um aldamótin 1900 þegar upp gaus miltisbrandur og var ekki hreyft við því eftir það.[13] Staðsetning þessarar tóftar var bak við eða austan við þar sem

---

[12] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-5.
[13] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-10.

húsið á Hraðastöðum 3A er núna; þar er ekki lengur neitt að sjá nema ruslahaug og er tóftin horfin.

## Útihús [2898-2863] heimild

Samkvæmt fornleifaskráningu árið 1980 var útihúsrúst í brekku um 4 m norðaustan við túngarðsbrot [2864]. Hún var óljós að formi en áætlað innanmál um 3 x 5 m og veggir gætu hafa verið 1,5 m á breidd. Dyr voru fyrir miðju vestan megin. Húsið var að sögn Bjarna Bjarnasonar rifið um aldamótin 1900 þegar upp gaus miltisbrandur, sbr. [2862].[14] Ekkert sést lengur af þessari tóft.

## Túngarður [2898-2864] túngarðsleifar



**Mynd 3. Leifar túngarðs [2864] sem lent hefur undir lóðarruðningi norðan við Hraðastaði 3 og 3A.**

[14] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-11.

Á túnakorti frá 1916 má sjá að túngarður hefur verið kringum allt túnið á Hraðastöðum, nema hvað hann virðist hafa slitnað sundur á örstuttum kafla sunnan megin, austan heimreiðar, rétt við útihús [2865].[15] Við fornleifaskráningu 1980 staðfesti ábúandi, Bjarni Bjarnason, að svo hefði verið. Þá var stór hluti túngarðsins varðveittur í túnjaðrinum að austan og norðan, 150-180 m frá bænum. Einnig fannst brot af túngarðinum suðvestan við útihúsrúst [2863]. Hann var hlaðinn úr grjóti, 1,5-2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð.[16] Leitað var að túngarðinum á vettvangi en hann virðist að mestu hafa horfið undir hlass af lóðaruðningi eða verið sléttaður í tún. Leifar hans má greina undir og í útjöðrum um 1,5-2 m þykks ruðnings norðan og austan við Hraðastaði 3 og 3A. Þær eru innan skipulagssvæðis og því í hættu en hafa lítið minjagildi úr því sem komið er.



**Mynd 4. Leifar af túngarði, austan við Hraðastaði 3 og 3A.**

---

[15] *Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit.*
[16] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-12.




**Kort 5. Leifar af túngarði [2864] Hraðastaða.**

## Stöðull [2898-2866] kvíar, rétt

Samkvæmt örnefnalýsingu 1968 var Stöðull austan við túnið á Hraðastöðum.[17] Við fornleifaskráningu árið 1980 var talað um „kvíar fyrir utan túngarðsbrot, 150-180 m frá bænum.“ Þar segir: „Færikvíar voru notaðar alls staðar í dalnum. Að Hraðastöðum voru þær gerðar úr timburflekum [...] Kvíarnar voru hafðar fyrir austan túnið á stöðlinum [...] Ærnar og kýrnar voru mjaltaðar á stöðlinum fyrstu 2-3 vikurnar. Þarna var fremur óslétt en það var hægt að mjólka þar fyrir því. [...] Mjaltastæðið var nefnt stöðull og þar voru bæði ær og kýr mjaltaðar. Það var aldrei talað um að fara á bólið, heldur var talað um að fara að mjólka. „Ærnar eru komnar í kvíarnar [...] kýrnar eru komnar á stöðulinn“, var venjulega sagt.“ Kvíarnar höfðu að sögn verið þarna frá ómuna tíð en frásögnin miðast einkum við tímabilið 1900-1914.“[18]

---

[17] Ö-Hraðastaðir AG.
[18] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-13.



**Mynd 5. Leifar af rétt [2866] sem hlaðin var utan í túngarð [2864].**

Á Hraðastöðum var eins og víðar hætt að færa frá 1914. Samkvæmt Bjarna Bjarnasyni árið 1980 var þarna þó fjárrétt fram á síðustu ár en hún var ekki lengur notuð. Hún var byggð utan í gamla túngarðinn [243-12], áður að öllu leyti utan túnsins, en við skráningu 1980 gekk túngirðing í gegnum hana. Réttin var heilleg og öll uppistandandi, innanmál um 6 x 11, veggjabreidd um 2 m og hæð 1 m og hafði grjóthlaðinn túngarðurinn verið notaður sem veggur vestan megin en aðrir veggir voru úr grjóti og torfi. Inngangur var á langveggnum austan megin, fast við suðurvegginn.[19] Leifar þessarar réttar eru enn sýnilegar rétt utan við lóð húss númer 5 við Hraðastaðaveg en þær eru mjög raskaðar. Grjóthlaðnir veggir eru varðveittir norðan og austan megin og virðist tóftin líka hafa verið grafin niður. Smábrot er auk þess eftir af grjóthleðslu túngarðsins sem myndaði vegginn vestan megin en þar er nú girðing og hafa tré verið gróðursett sem skjólbelti upp við hana. Tóftin opnast í suður. Við norðurenda

[19] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-13.

réttarinnar hefur grjóti verið rutt upp í hrúgu, líklega úr réttinni og túngarðinum. Þetta eru laskaðar minjar sem ekki hafa mikið gildi.




**Kort 6. Rétt [2866] og mögulegt veggjarbrot [2867].**

## Útihús? [2898-2867] veggjarbrot?

Samkvæmt fornleifaskráningu árið 1980 var um 5 m austan við réttina [2866] tóft eða hleðslur úr torfi og grjóti og lá veggjarbrot samsíða austurvegg réttarinnar, álíka að lengd. Óljóst sást í menjar eftir horn og annan vegg sem beygði í átt að réttinni. Bjarni Bjarnason sagði þessa tóft vera frá því fyrir aldamót.[20] Ekki sést lengur nein tóft á staðnum. Þarna má að vísu sjá móta fyrir einhverju sem mögulega væri hægt að túlka sem veggjabrot samsíða réttinni og var það mælt upp. Þetta gæti þó verið náttúrulegt.

---

[20] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-14.

## Varða [2898-2868] heimild

Í Örnefnalýsingu segir: „Fyrir austan og framan bæinn er holt, sem heitir Vörðuholt.“[21] Engin varða finnst á svæðinu.

## Fjárhús [2898-2920] heimild

Á túnakorti sést útihús, suðaustan við bæjarstæðið, sunnan í túninu, rétt innan túngarðs. Húsið snýr norðvestur – suðaustur og skiptist í stærra hólf, ef til vill fjárhús, og minna hólf sem gæti verið hlaða. Það hefur líklega verið úr steinlímdu eða steinsteyptu grjóti. Utan við túngarðinn stendur skrifað innan sviga: „Túnblettur (5-6 h.) er hér, við fjárhús.“[22] Þetta fjárhús er horfið.




**Kort 7. Beitarhús [2869] og heygarður [2870], byggð ofan í fjárborgina Hraðaborg [2865].**

---

[21] Ö-Hraðastaðir AG; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-16.
[22] *Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit*; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-9/25.

## Hraðaborg – fjárborg [2898-2865] hóll, beitarhús – fjárhús [2898-2869] og heygarður [2898-2870] tóftir



**Mynd 6. Horft norðvestur yfir beitarhústóft [2869].**

Í örnefnalýsingu segir: „Austan við túnið er Stöðull og stór hóll þar suður af heitir Hraðaborg [2865], þar er nú fjárhús [2869] en áður var þar fjárborg kringlótt fyrir sauði.“[23] Þetta má tengja við minjar sem fundust sunnan eða suðvestan Hraðastaða, niður af norðurbrún svokallaðs Fagradals, vestan Grímmannsfells. Þar er mjög þýfð hæð og ofan á henni tvær tóftir, hlaðnar úr torfi og grjóti, samfallnar og grónar þannig að þær líta út eins og dældir ofan í hólnum. Innanmál stærri tóftarinnar er um 2 x 4 m, veggjabreidd 1 m og veggjahæð mest 0,6 m frá botni en virðist þó minni þegar staðið er utan við hana eða sa. 0,3 m. Tóftin snýr vestur og dyr eru á vesturgafli. Bjarni Bjarnason kallaði þetta kofatóft en vissi ekki til hvers kofinn

---

23 Ö-Hraðastaðir AG.

hefði verið notaður.[24] Tóftin er ógreinileg innan um þúfur á hæðinni en þetta gæti verið fjárhúsið sem byggt var ofan í fjárborgina. Upp við sunnanverðan austurgafl er önnur minni tóft [2870] sem virðist vera með dyrum að norðanverðu og er líklega af heygarði. Miklar þústir á hæðinni undir og í kringum tóftirnar benda til að þarna leynist fleiri minjar og virðist líklegt að þar séu leifarnar af fjárborginni Hraðaborg sem sagt er að fjárhúsið hafi verið byggt ofan í. Þessar minjar hafa svolítið minjagildi en lítið upplifunargildi. Þær eru innan skipulagssvæðisins og því í hættu.



**Mynd 7. Heygarður [2870].**

[24] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-15/27.



**Mynd 8. Tóftir [2869] og [2870] eru ofan í smáhæð [2865] með miklum þústum.**

## Stekkur [2898-2871] tóft

Varðveist hefur tóft stekkjar með lambakró, um 2,5 x 5 m að stærð innanmál, byggður utan í brekku í Fagradal, í grösugri dalkvos vestanvert í Grímmannsfelli. Brekkan myndar vegginn austan megin. Þetta er austan og ofan við beitarhús [2869]. Stekkurinn snýr nokkurn veginn norður – suður. Veggirnir eru nokkuð greinilegir en næstum horfnir í suðurenda. Inngangur hefur líklega verið syðst á vesturlangvegg.[25] Lambakróin gengur út af norðurgafli stekkjarins og er op á veggnum norðan megin. Hún er um 2 x 2 m að stærð, veggjabreidd um 1 m og hæð 0,1-0,8 m. Tóftin er yfirgróin grasi og mosa og fellur alveg saman við landslagið; ekkert hleðslugrjót er sýnilegt. Varðveislan er ekki sérlega góð og minjagildi lítið. Tóftin er fast utan í vesturmörkum skráningarsvæðisins og er því ekki í hættu.

---

[25] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-26.



**Mynd 9. Horft suður yfir stekkjartóft [2871].**




**Kort 8. Stekkur [2871] hlaðinn upp við hæðarbakka sem myndar austurvegginn.**



**Mynd 10. Hraðaleiði [2872].**

## Hraðaleiði [2898-2872] landamerki – legstaður

Í fornleifaskýrslu árið 1817 lýsir séra Markús Sigurðsson Hraðaleiði: „Aflangr Holl, hérumbil 18 al. langr og 6 ad breidd, stendr á Landamerkjum Mosfells og Hradastada, á grasvöxnum Areyrarbakka, hvar hærra Landslag med Móabarde umgyrder fyrir ofan, so mögulegt væri, ad Áinn hafde einhvorntima runnid kríngum nefndan Hól."[26] Séra Stefán Þorvaldsson er sammála um staðsetninguna í lýsingu árið 1855: „Haugur einn er hér í dalnum, á landamerkjum milli Hraðastaða og Mosfells, á sléttu undirlendi við Suðurá, og er haugur sá nefndur Hraðaleiði. Hann er aflangur og snýr í norður og suður og ekki allstór. Það er mælt, að Hraði hafi verið þræll í fornöld, er hafi fengið frelsi, og hafi hann þá reist bæ sinn þar, er

[26] Markús Sigurðsson, „Mosfell í Mosfellssveit", 258.

enn kallast Hraðastaðir, og sé þessi haugur yfir hann orpinn og við hann kenndur.““[27] Hvað sem hæft er í þessu virðist maður með nafninu Hraði hafa verið til því í *Landnámu* er nefndur Þorbjörn Hraðason.[28]




**Kort 9. Hraðaleiði [2872] er sennilega náttúrulegur hóll.**

Séra Magnús Grímsson skrifaði árið 1861 um Hraðaleiði „ofarlega á Víðinum sunnanvert, þar sem Reykjaá kemr fram úr Helgadals mynni og beygist vestr [...] á rennisléttri flöt niðr við ána að norðanverðu [...] og stendr í mörkum milli Mosfells og Hraðastaða [...] ílángr hóll, eigi mjög stór“ og snýr „nokkurnveginn í suðr og norðr [...] Að hóllinn sé af mönnum gjörðr held eg eflaust, því svo er að sjá, sem sín gjóta sé hvorumegin hans, þar sem moldin hefði verið tekin upp úr. Norðrendi leiðisins er nú uppblásinn mjög. Leiðið er frá jörðu hérumbil mannhæð, eða vart það, þar sem það heldr sér bezt, og svosem 5 eðr 6 faðma lángt, en hálfu mjórra. Ekki er að sjá að leiði þetta hafi nokkurn tíma verið grafið upp af mönnum, og væri víst vert að gjöra það. Sama er að segja um Þormóðsleiði, sem kvað vera líkt Hraðaleiði, og

27 Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunesssókna“, 240.
28 *Íslenzk fornrit*, I, 65.

stendr í Seljadalnum sunnan undir Grímmannsfelli. Í því á að liggja Þormóðr, sá er Þormóðsdalr er kenndr við.“[29] Sigurður Vigfússon segir svo árið 1884: „Skammt fyrir neðan Hraðastaði, suðr við syðri ána, er dálítill hóll, sem kallaðr er Hraðaleiði. Hraðablettr er og kallaðr fyrir ofan Hraðastaði, upp með Grímmansfelli.“[30] Í örnefnalýsingu 1968 segir: „Merkin móti Mosfelli eru þvert yfir Víðinn frá Köldukvísl móti Laxneslækjarmynni, ofan við Svörtukeldu og í Hraðaleiði, sem er hóll við Norður-Reykjaá. Þessi Hraðahóll, sem á að vera haugur Hraða, er stór rústarhóll eða þúst við ána.“[31]

Hraðaleiði er vestan við Hraðastaði, vestast í slegnu túni eða í útjaðri þess, norðan við Norður-Reykjaá og nokkurn veginn fyrir miðju mynni Helgadals. Þetta er lágur hóll, 1,3-1,5 m að hæð og 6 m á breidd, allur grasi vaxinn og mjög þýfður. Álengdar er hóllinn ekki sérlega áberandi og mögulega er hann náttúrulegur.[32] Hraðaleiði hefur þó minjagildi sem sagnatengdur staður. Hóllinn er innan skipulagssvæðisins og því í hættu.

---

[29] Magnús Grímsson, „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar“, 273.
[30] Sigurður Vigfússon, „Rannsókn í Borgarfirði 1884“, 74.
[31] Ö-Hraðastaðir AG.
[32] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 243-29.




**Kort 10. Dreifing minja á Æsustöðum.**

# Æsustaðir [245]

Jörðin Æsustaðir kemur fyrst fyrir í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1704 og er þá talin tíu hundruð úr Norður-Reykjum sem á þeim tíma voru í eigu tveggja bænda. Ábúandi á Æsustöðum var einn leiguliði.[33] Árið 1847 var jörðin áfram í bændaeign og einn leiguliði búsettur þar.[34] Hún er enn í ábúð.

## Bæjarstæði [2898-2850] og heimreið [2365] heimild

Á túnakorti frá 1916 eru þrjár byggingar ásamt kálgörðum í bæjarstæði Æsustaða [2850] , syðst í túninu og liggur heimreið [2365] suður um túnið að bæjarhúsum. Enn er búið á Æsustöðum en gamli bærinn stóð 20-30 m framar á hlaðinu en núverandi íbúðarhús Æsustaða

[33] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*, III, 318-319.
[34] *Jarðatal á Íslandi*, 95.

1.[35] Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði en minjar gætu leynst undir yfirborði. Bæjarstæðið er innan skipulagssvæðis og því í hættu.




**Kort 11. Túnakort Æsustaða frá 1916.**

## Lambhús [2898-2886] heimild

Í Örnefnalýsingu segir: „Frá Trönholti niður að Suðurá og heim að túni var blautlend mýri, Votaveita, nú að mestu ræktuð. Upp undan Votuveitu, næst túni, er Lambhúsholt [...] Lambhústún er grasbakki rétt suðaustan við Æsustaðabæ. Þar var áður lambahús, austan við það í mýrarsundi var uppsprettuás, er nefndist Lambadý, bræddi það af sér (kaldavermsl), og var

[35] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 245-13.

sauðfé og hestum vatnað þar fyrrum. Þar er nú framræst og ræktað tún.“[36] Lambhúsið er horfið en nú er þarna annað íbúðarhús af tveimur á Æsustöðum.



**Mynd 11. Æsustaðir í dag.**

## Útihús [2898-2927] heimild

Sunnan við kálgarð sem er austast í bæjarstæði Æsustaða er sýnt útihús á túnakorti frá 1916. Það snýr norðaustur – suðvestur og hefur verið úr torfi og grjóti.[37] Ekkert sést lengur af þessu húsi.

## Kálgarðar [2898-2854] heimild

Nyrst í túni Æsustaða eru tveir samfastir umgirtir kálgarðar sýndir á túnakoti frá 1916. Heimreiðin liggur meðfram vestuhlið þeirra.[38] Þessir garðar eru horfnir.

---

[36] Ö-Æsustaðir HÞ og ÓÞ; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 245-6.
[37] *Túnakort Æsustaða í Mosfellssveit.*
[38] *Túnakort Æsustaða í Mosfellssveit.*

## Æsuleiði [2898-2851] álagablettur



**Mynd 12. Bjarki Bjarnason stendur hér ofan á Æsuleiði [2851]. Ljósmynd: Ómar Smári Ármannsson.**

Skammt norðvestur af bæ á Æsustöðum, utan í lágri brekku og samsíða henni, er aflöng þúfa eða upphækkun sem snýr norður – suður. Hún er um 7 m á lengd, 1 m á hæð og 1,5 m á breidd yfir miðjuna en mjókkar til beggja enda. Æsuleiði er allgreinilegt og vel afmarkað frá brekkunni með grunnri skoru eða rás. Samkvæmt Hlíf Gunnarsdóttur húsfreyju á Æsustöðum er rásin gömul en talið var að landnámskonan Æsa sem bjó á Æsustöðum hefði verið grafin þarna. Ekki mátti slá Æsuleiði en Þórður Jónsson (f. 1876) bóndi á Æsustöðum og tengdafaðir Hlífar sagði henni að einhvern tímann þegar það var slegið hefðu farist reiðhestur og kýr. Hún vissi ekki hvenær þetta var eða hver sló en það var aldrei slegið aftur eftir þetta.[39] Upphækkunin getur minnt á leiði að stærð og lögun en líklega er þetta þó náttúrumyndun. Æsuleiði hefur því einungis minjagildi sem álagablettur. Það er innan skipulagssvæðis og því í hættu.

### Æsustaðahver – Æsustaðalaug [2898-2852] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Æsustaðahver er niðri við ána. Þar voru þvegnir þvottar, sótt vatn til heimilisnota og hellt upp á kaffi þegar verið var í mónum. Síðar var vatnið úr honum nýtt til að hita húsið með. Þá var notuð vatnshringrás og það lögmál nýtt, að heitt vatn leitar upp en kalt niður. Miðstöðvarofn var grafinn niður og heita vatnið steig síðan upp í húsið, eftir röri, en þegar það svo kólnaði, féll það út aftur. Enn síðar, líklega eftir stríð var svo vatnið úr hvernum nýtt í gróðurhús.“[40] Vatnið í Æsustaðahver var 66-77 °C.[41] Æsustaðahver er nú horfinn en samkvæmt Skúla Skarphéðinssyni sem býr á nýbýlinu Röðli, var hverinn rétt við veginn að Æsustöðum, 50 metrum neðan við brúna yfir Norður-Reykjaá.[42]

### Fjárhús [2898-2915] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Austan við hverasvæðið, meðfram ánni, var Hveramýri. Þar er nú tún og gróðurhús. Ofan við Hveramýrar, austast var fjárhús á túnkraga, er nefndur var Fjárhús en á Fjárhústúni er nýbýlið Röðull.“[43] Þetta fjárhús er horfið undir byggingar.

---

[39] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 245-1.
[40] Ö-Æsustaðir ÓÞ.
[41] Helgi Torfason. *Jarðhiti á yfirborði í Reykjavík og nágrenni,* 74.
[42] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 245-12.
[43] Ö-Æsustaðir HÞ og ÓÞ; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 245-4.

## Mógröf [2898-2916] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Mór var tekinn neðst í Sundinu, vestan við túnið, niðri við ána. Enn sést fyrir mógröfum í engjunum austan við túnið. Mórinn í Sundinu var ágætur; 3-4 stungur voru niður á móinn, en mórinn sjálfur hefur verið u.þ.b. 4-5 stungur. Hann var keyrður út á eyri niður við ána og þurrkaður þar.“[44] Þessar mógrafir eru horfnar.



**Mynd 13. Stekkur [2695] utan í brekku og tóft [2696]; horft norður. Mynd: Ómar Smári Ármannsson.**

## Stekkur [2898-2695], kvíar [2898-2696] tóftir og Stekkjargata [2898-2917], Nípugata [2898-2918] og Trönholtsgata [2898-2918] götur

Í örnefnalýsingu segir: „Vestan við Gleiðaskarð eru einkennilegir móbergsklettar, sem heita Katlar, en niður af þeim á háu melkasti heitir Katlaflöt, og enn neðar, niður á jafnsléttu, er Stekkur (veggjabrot af fornum stekk). Þar sem hann stóð, heitir Stekkjarflöt, og vestan við hana er Stekkjarholt. Neðan við Stekkjarholtið er annað holt að mestu grasi gróið, það heitir Trönholt. Milli holtanna, ofan við götuslóða, sem þar er, var lítil tjörn, Trönholtstjörn. Hún er nú framræst. Frá Trönholti niður að Suðurá og heim að túni var blautlend, Votaveita mýri, nú að mestu ræktuð. Upp undan Votuveitu, næst túni, er Lambhúsholt, þar upp af er klettahögg í fjallinu, er heitir Nípa. Utan í henni er gamall fjárslóði austur fyrir fjallið, er nefnist Nípugata

[44] Ö-Æsustaðir ÓÞ; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 245-11.

[2918]. Neðar er Stekkjargata [2917] og Trönholtsgata [2918].“[45] Enn sjást örlitlar leifar af þessum götum.



**Mynd 14. Stekkur [2695]. Ljósmynd: Ómar Smári Ármannsson.**

Tóftir frá stekknum eru milli tveggja lágra hóla, í aflíðandi grasgeira sem er framhald á norðausturhlíðum Æsustaðafjalls. Þetta er í austur eða suðaustur frá Æsustöðum, ofan eða sunnan við Hlaðgerðarkotsveg. Landinu hallar í norður og norðaustur. Rétt austan við tóftirnar rennur lækur.

Sjálfur stekkurinn [2695] er heillegur, að mestu hlaðinn úr grjóti, um 9 x 5 m að stærð og veggjahæð 40-50 sm. Hann liggur nokkurn veginn í norður – suður, byggður meðfram

[45] Ö-Æsustaðir HÞ og ÓÞ.

brekkubrúninni og styðst vestri langveggur við hana á þann hátt að látið hefur verið nægja að hlaða innri brúnina og fylla upp í milli hennar og brekkunnar. Á norðurgafli miðjum er inngangur í stærra hólf stekkjarins og þaðan er inngangur í innra og minna hólf sem skiptist í tvennt. Við fornleifaskráningu árið 1980 virtist mega sjá að stærra hólfið hefði líka skipst í tvö hólf en það sést ekki lengur. Þá var auk þess mæld upp „einföld steinaröð sunnan við stekkinn [...] við bakendann“ eða suðurgafl og myndaði „ásamt honum einskonar kró“ Einungis var „um eina steinahæð að ræða. Hlutverk óvíst.“ Auk þess mátti sjá garðlag sem kom eins og framhald af vesturveggnum framan hans og var túlkaður þannig að hann hefði myndað aðhald „til að stoppa féð af við innrekstur“.[46] Hvorki steinaröðin við suðurgafl né garðlagið út af vesturveggnum eru þó lengur sýnileg. Við skráninguna 1980 segir einnig að suðurgafl stekkjarins sé „að mestu úr torfi með undirstöðu úr grjóti.“ Núna sést hins vegar einungis í grjóthleðslu austurveggjar en tóftin öll er mjög gróin grasi og þýft allt í kring.



**Mynd 15. Tóft [2696].**

---

[46] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í M,osfellsbæ*, nr. 245-9.

Um 4-5 m austan við stekkinn er tóftahóll þar sem mótar fyrir tóft [2696] sem opnast vestur að stekknum. Hún er um 5 x 5 m að stærð og grónir veggirnir 20-30 sm á hæð en örlítið hærri norðan megin. Norðan við hana virðast vera óskýrar leifar lítillar tóftar með um 40 sm djúpri holu. Tóftirnar standa á lágri upphækkun eða hól. Við fornleifaskráningu 1980 mátti auk þess greina þriðju tóftina á milli þessara tveggja og tóftirnar í hólnum voru túlkaðar þannig að þarna hefðu verið þrjú samsíða hús sem sneru framgöflum í vestur. Hlíf Gunnarsdóttir húsfreyja á Æsustöðum á þeim tíma hélt að þarna gæti hafa verið lambakofi við fráfærur en að hennar sögn var þarna lambakró eða kofi og hafði hún það eftir Þórði tengdaföður sínum sem áður bjó á Æsustöðum. Hlíf sagði jafnframt að mjólkað hefði verið í færikvíum og fært frá í stekknum en samkvæmt henni var hætt að nota hann um 1925.[47] Ólafur Þórðarson sem lét í té upplýsingar um örnefni og mundi eftir fráfærum taldi að hætt hefði verið að færa frá þegar árin 1910-1915.[48] Samkvæmt Ólafi voru færikvár hafðar á Kvíaflöt upp af bænum við fjallsrætur og „þegar kvíaám var smalað til mjalta, lestuðu þær sig eftir Nípugötu.“[49] Miðað við þetta virðist líklegt að tóftirnar við stekkinn séu af kvíum.



**Mynd 16. Lækur austan við tóftir af Stekk [2695] og kvíar [2696]; horft vestur til tóftanna.**

[47] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í M,osfellsbæ*, nr. 245-9.
[48] Ö-Æsustaðir ÓÞ.
[49] Ö-Æsustaðir HÞ og ÓÞ; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 245-3/5.

Stekkjartóftin er ágætlega varðveitt og hefur ótvírætt minjagildi. Tóftirnar við hlið hennar hafa einnig nokkurt minjagildi. Þessar minjar eru utan skipulagssvæðisins og ættu því ekki að vera í hættu en vegna nálægðar við mörkin þarf að fara með gát.




**Kort 12. Stekkur [2696] og kvíar [2695].**

## Leið [2717-2322] gata

Leifar af leið eða fjárgötu má finna í jaðri Æsustaðatúns. Gatan liggur meðfram Hlaðgerðarkotsvegi þar sem hann beygir í suður. Hún hefur stefnu norður – suður eins og vegurinn og er nokkuð greinileg á köflum en hverfur síðan alveg nyrst á svæðinu og er líklegt að þar hafi hún beygt til vesturs eins og Hlaðgerðarkotsvegur og hafi því lent undir honum. Götuna má líka rekja lengra suður og út fyrir skipulagssvæðið. Ekki er að finna neinar heimildir um þessa götu í örnefnaskrám eða öðrum heimildum þannig að þetta hefur ekki verið alfaraleið eða þjóðleið. Leiðin hefur svolítið minjagildi. Hún er innan skipulagsmarka og því í hættu ef farið verður í framkvæmdir.



**Mynd 17. Gata [2717-2322] liggur meðfram girðingu við Hlaðgerðarkotsveg og hverfur við húsið.**



**Mynd 18. Slóðin [2717-2323]; horft í vestur.**

## Leið [2717-2323] gata

Önnur gata eða slóði liggur á túninu með stefnu suðvestur – norðaustur í átt að leið [2322]. Þetta er seinni tíma slóði fyrir bíla eða dráttavélar og því ekki um fornleifar að ræða.

## Steinsteypt hús [2717-2321], [2717-2324] og [2717-2327] hús

Á skipulagssvæðinu er að finna steinsteypt hús [2321] og tvö önnur [2324 / 2327] skammt fyrir utan skipulagið sem tengjast hitaveitu á svæðinu. Þessi hús eru þó ekki fornleifar og hafa því ekki minjagildi sem slíkar.



**Mynd 19. Skotbyrgi – varða [2697] á Gildruás á Æsustaðafjalli.**

## Skotbyrgi − varða [2898-2697] og vörður [2898-2698 / 2699 / 2765 / 2767 / 2766]

Í örnefnaskrá segir: „Norður af Forarhálsi tekur við hærri klettaás, er heitir Gildruás, þar uppi er smábyrgi eða varða [2697], er mun hafa verið í sambandi við refaveiðar.“[50] Við fornleifaskráningu 1980 er þessu lýst svona: „Ofan á klettana, sem mynda ranann, hefur verið hlaðið grjóti til að hækka brúnina í kimanum sem þarna er. Hleðsla þessi er nú svo gott sem

[50] Ö-Æsustaðir.

öll hrunin en grjótið liggur enn á brúninni.“[51] Þarna er ekkert byrgi en vörðuhleðsla er uppi á náttúrulegum kletti á Æsustaðafjalli, um 2 m að lengd og 1,2-1,4 m breið.



**Mynd 20. Varða [2698].**

200 m norðaustan við vörðu [2697] stendur önnur lítil varða [2698] á ógrónu svæði á Æsustaðafjalli. Hún er 0,4-0,5 m há og um 1 m á breidd. Þriðja varðan [2699] á fjallinu er norðvestan við vörðu [2698], 1,2-1,4 m há og um 2 m á breidd. Fjórða varðan [2765] er norðan við vörðu [2699]. Hún er lítil, um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Fimmta varðan [2767] stendur á klettasyllu, skammt norðvestan við vörðu [2765]. Hún er smá, um 0,4 m há og 1 m á breidd. Líklega er þetta ung varða. Rétt hjá henni er skilti frá Mosfellsbæ sem segir að þetta sé

[51] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 245-8/10.

Æsustaðarfjall. Sjötta varðan [2766] á fjallinu er austan við vörðu [2767], um 27 m suður af steyptum stöpli [2768]. Þessi varða er um 3 m breið og 1-1,4 m há.

Líklega hafa sumar vörðurnar verið vegvísar ofan leiðar [2708] í norðanverðri fjallshlíðinni en aðrar, norðar á fjallinu, hafa átt að sýna landamerki milli Æsustaða og Norður-Reykja. Samkvæmt landamerkjalýsingu lágu merki jarðanna „í dý sem næst í miðju mýra sundi“ á milli þeirra og þaðan „beina stefnú í vörðú uppá há-fjallsbrúninni, sem sjest frá Norður-Reykjum, þaðan í aðra vörðu sunnan á melnum“.[52]

[52] *Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu.*

Vörðurnar sex liggja frá suðaustri til norðvesturs á þessu svæði á Æsustaðafjalli og mynda þannig saman heild. Þær hafa allnokkurt minjagildi en eru langt utan við skipulagssvæðið og því ekki í neinni hættu.



**Mynd 21. Varða [2699].**



**Mynd 22. Varða [2765].**



**Mynd 23. Varða [2767].**



**Mynd 24. Varða [2766].**




**Kort 13. Vörður og aðrar minjar á Æsustaðafjalli.**

## Steyptur stöpull [2898-2768]

Við brún Æsustaðarfjalls, rétt norðan við vörðu [2766] er steyptur ferkanntaður stöpull, um 1,2 m á hæð og um 0,4 m breiður. Líklega hefur verið útsýnisskífa á stöplinum sem nú er horfin. Þetta eru þó ekki fornleifar.



**Mynd 25. Steyptur stöpull [2768].**




**Kort 14. Dreifing minja í Hlaðgerðarkoti og á Norður-Reykjum.**

## Norður-Reykir [246]

Norður-Reykir eru fyrst nefndir í jarðabók árið 1695[53] og síðan aftur 1704. Þá segir að jörðin öll sé 30 hundruð en skipt eignarskiptum í þrjá staði: Norður-Reyki, Hlaðgerðarkot og Æsustaði sem hver um sig er metin 10 hundruð. Norður-Reykir voru í eigu tveggja bænda sem bjuggu annars staðar en einn leiguliði var ábúandi á jörðinni.[54] Árið 1847 var hún enn bændaeign og í leigu.[55] Þegar landamerkjaskrá Norður-Reykja var gerð 1888 átti þá Þorleifur Þórðarson bóndi í Hækingsdal í Kjósarhreppi.[56] Árið 1979 voru þeir hins vegar komnir í eigu Mosfellshrepps og leiguliði Jakob Einarsson.[57] Jörðin er enn í ábúð.

---

[53] Björn Lárusson, *The Old Icelandic Land Registers*, 130-31.
[54] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*, III, 317-19
[55] *Jarðatal á Íslandi,* 95
[56] *Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu.*
[57] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 144.



**Mynd 26. Norður-Reykir í dag. H.m. við húsið eru tóftir [2794] og garðlag [2796].**

Landamerki Norður-Reykja eru á móts við Suður-Reyki að sunnan, Hlaðgerðarkot að vestan og norðan og Æsustaði að austan en í landamerkjaskrá frá 1888 er eftirfarandi lýsing: „Hornmark“ milli Norður-Reykja, Æsustaða og Suður-Reykja er í stórri vörðu „sem stendur suður á miðjum Forarhálsi“. Þaðan liggja landamerki Norður-Reykja gagnvart Suður-Reykjum í „beina stefnú niður í Skammadalslækjar upptök; þaðan eptir aðal keldudraginú niður í lækjarjarðfallið; en svo ræður nefndur lækur að [...] stórúm steini norðan megin við Skammadalslæk“. Þaðan liggja vesturmörk jarðarinnar „á móts við Hlaðgerðarkot [...] beina línu í vörðu vestanhalt á Öxlinni, þaðan í læk þann sem rennur á milli bæjanna norður í ána“ og ræður hún norðurmörkum landsins, „upp á móts við Æsustaðaland, í torfvörðu sunnan megin árinnar, á móts við eyrarodda norðan megin“. Úr torfvörðunni liggja merkin „í dý sem næst í miðju mýra sundi sem er á milli Norður-Reykja og Æsustaða; úr tjeðú dýi beina stefnú í vörðú uppá há-fjallsbrúninni, sem sjest frá Norður-Reykjum, þaðan í aðra vörðu sunnan á

melnum; úr þeirri vörðu, beina stefnú“ aftur í hornmarksvörðuna á Forarhálsi, og er „hjermeð lýst austurhlið landsins“.[58]

Í landamerkjalýsingunni segir auk þess: „Jörð þessari hefir fylgt frá ómúna tíð slægnaítak, í Æsustaða engjum, með þeim merkjum, er hjer skal greina þannig: úr þúfú á Melholti í Trönuholt; þaðan í Vallendis nef niðúr á árbakkanum, sem er torfvarða á; þaðan ræður áin uppá móts við Hraðaborg, í torfvörðu á vestri árbakkanum; og svo þaðan beina stefnú í áðurnefnda þúfú á tjeðu „Melholti“.[59]




**Mynd 27. Túnakort Norður-Reykja.**

[58] *Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu.*
[59] *Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu.*




**Kort 15. Minjar í bæjarstæði Norður-Reykja [2794 / 2795 / 2796 / 2797].**

## Bæjarstæði [2898-2794] tóftarhóll og [2898-2795] dæld og [2898-2796] garðlag

Á túnakorti frá 1916 má sjá húsaþyrpingu ásamt kálgarði umgirtum hlöðnum veggjum í gamla bæjarstæðinu í miðju túni Norður-Reykja. Fimm hús voru samliggjandi og snéru framgaflar suður að garðinum, öll torfhlaðin með standþili eða hálfþili á stöfnum.[60] Bak við eða norðan við þessi hús sjást auk þess tvö hús til viðbótar, annað ferningslaga úr steini eða steypt en hitt líklega timburbygging, tvískipt með stefnu austur – vestur.[61] Hluti af bæjarstæðinu og bæjarhúsum hefur líklega farið undir núverandi íbúðarhús og bílaplan. Fast austan við bílaplanið er þó tóftahóll [2794] sem gæti verið frá gamla bænum. Erfitt er að greina milli hólfa en norðan í hólnum virðist vera brot af tóft sem opnast norður og austan í honum annað tóftarbrot sem opnast austur. Þar sést grjót í báðum veggjaendum, nánast eins og höggvið hafi verið framan af þeim. Tóftahóllinn er annars alveg yfirgróinn grasi.

---

[60] *Túnakort Norður-Reykja í Mosfellssveit*; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-1/4.
[61] *Túnakort Norður-Reykja í Mosfellssveit*; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-2/3.



**Mynd 28. Norður-Reykir. Gamla bæjartóftin [2794] til hliðar við núverandi íbúðarhús. Mynd: Ómar Smári Ármannsson.**



**Mynd 29. Tóftarbrot sem opnast austur úr tóftahól [2794]. Líklega eru þarna leifar gamla bæjarstæðisins.**

Við suðausturhorn tóftahólsins er dæld [2795] með stefnu norður – suður og sést grjót í kantinum vestan megin. Hugsanlega hefur þarna verið húsgrunnur. Fast við suðvesturhorn dældarinnar er garðlag [2796] með stefnu suður. Minjarnar eru brotakenndar en ef til vill eru þetta leifar bæjarhúsa sem sjást á túnakorti og garðlagið þá hluti garðs sem umgirt hefur matjurtagarð. Þær hafa nokkurt minjagildi sem leifar gamals bæjarstæðis og eldri minjar gætu leynst í jörðu á þessu svæði. Minjarnar eru innan skipulagssvæðisins og því í hættu.



**Mynd 30. Dæld [2795] frá húsgrunni? Lengra í burtu sést útihústóft [2797].**



**Mynd 31. Garður [2796].**



**Mynd 32. Útihús [2797].**

## Geymsla [2898-2797] tóft

Nokkuð suður af gamla bæjarstæðinu [2794 / 2795 / 2796] er tóft frá hálfuppistandandi útihúsi sem snýr í austur. Brotin timburhurð er á austurgafli og einangrunarplast sem glittir í til hliðanna bendir til að húsið sé ekki ýkja gamalt. Norðurveggurinn stendur að mestu, um 1,2 m á hæð og er enn klæddur timbri að innan. Veggir hafa verið hlaðnir úr torfi að utanverðu. Líklega hefur þetta verið geymsla. Tóftin virðist nýleg og hefur ekki mikið minjagildi. Hún er innan skipulagssvæðisins og því í hættu.




**Mynd 33. Á herforingjaráðskorti Dana frá árinu 1909 sést að skammt var milli Hlaðgerðarkots, Æsustaða og Norður-Reykja. Tún bæjanna rennur saman og um miðbik þess er hinn forni Reykjahver [2853]. Hraðastaðir eru austar en öll þessi fornu bæjarstæði eru innan skráningarsvæðisins.**

## Reykjahver – Reykjalaug [2898-2853] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Undir túnbrekku, norðan við bæinn, er Norður-Reykjahver, einnig eru heitar og kaldar uppsprettur suðvestan við bæinn, og rennur úr þeim lækur í ána, sem heitir

Hveralækur.“[62] Á herforingjaráðskorti frá 1909 er Reykjahver sýndur í túninu beint norður af bænum á Norður-Reykjum en austur af Hlaðgerðarkoti.[63] Laugar eru einnig merktar inn á túnakort 1916 í túnjaðrinum norðan megin.[64] Síðar var farið að bora djúpt eftir vatninu og nú eru allir hverir á svæðinu þornaðir upp.[65] Við Reyki voru að minnsta kosti fjórir aðskildir hverir og virðist Reykjahver, einnig nefndur Reykjalaug, hafa verið vatnsmestur en heildarrennsli í honum var mælt 2,35 l/s árið 1947. „Vatnið hefur komið úr skriðu, ekki sá í berg þarna. Hverirnir voru á línu sem lá norður – suður [...]“.[66]



**Mynd 34. Gamall kálgarður [2793] í túni Norður-Reykja.**

[62] Ö-Norður-Reykir; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-7.
[63] *Herforingjaráðskort Dana*.
[64] *Túnakort Norður-Reykja í Mosfellssveit.*
[65] Ö-Norður-Reykir.
[66] Helgi Torfason. *Jarðhiti á yfirborði í Reykjavík og nágrenni*, 71-72.

## Kálgarður [2898-2793] garður

Suður af garðinum við bæjarhúsin sést annar kálgarður á túnakorti sem snýr norður – suður. Hann liggur vestan megin meðfram heimreiðar og inn í hann að norðanverðu rennur heitur lækur frá Reykjahver. Hlaðnir veggir eru sýndir austan og sunnan megin.[67] Þessi garður er enn á staðnum og eru veggir varðveittir vestan, sunnan og austan megin þar sem veggurinn er lengri og greinilegri. Garðurinn hefur nokkurt minjagildi. Hann er innan skipulagssvæðisins og því í hættu.




**Kort 16. Kálgarður [2793].**

## Traðir [2898-2703] traðir

Heimreið eða traðir liggja úr vestri frá Hlaðgerðarkoti að bæjarstæði Norður-Reykja, beygja síðan suður um túnið framhjá kálgarði. [68] Samkvæmt ábúendum á Norður-Reykjum, Guðjónu

[67] *Túnakort Norður-Reykja í Mosfellssveit*; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-5.
[68] *Túnakort Norður-Reykja í Mosfellssveit.*

Benediktsdóttur og syni hennar, Einari Jakobssyni, var hætt að nota traðirnar fyrir 1930.[69] Enn má sjá leifar af þessum tröðum.



**Mynd 35 Leifar af tröðum [2703] Norður-Reykja.**

## Kálgarður [2898-2706] garður

Norður af bæjarstæði Norður-Reykja virðast vera leifar af gömlum kálgarði. Hann sést ekki á vettvangi en er greinanlegur á loftmynd. Kálgarðurinn hefur lítið minjagildi. Hann er í túni Norður-Reykja og er í hættu.

[69] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-6.

## Fjárhús [2898-2798] tóft

Í túninu suðvestur af kálgarði [2793] er á túnakorti sýnt tvískipt útihús úr torfi og grjóti, mögulega með hálfþili á stöfnum, Tóftir þess hafa varðveist í lágum grasi vöxnum hól, neðst í hlíðum Æsustaðafjalls; þar eru tvö samhliða hólf sem snúa með örlitlum halla norðvestur að Mosfellsdal. Tóftirnar eru heillegar, uppistandandi veggir fremur lágir eða um 0,5 m, breidd útveggja um 2 m en sameiginlegur milliveggur um 1,5 m. Nyrðra hólfið er stærra, um 8 x 4 m að innanmáli, skipt í tvennt með steinsteyptum garða sem liggur eftir því endilöngu, um 0,7 m að hæð næst dyrum en lækkar þegar innar dregur í samræmi við halla á húsunum. Í garðanum hefur verið jata og á enda hans er þró, um 1,5 x 0,5 m að stærð. Að sögn Guðjónu Benedikts-dóttur og Einars Jakobssonar var þetta fjárhús og þróin notuð til að baða féð. Syðra hólfið er minna, innanmál um 3,5 x 1,5 m og hefur væntanlega verið hlaða eða heygeymsla en samkvæmt þeim mæðginum var hey geymt við fjárhúsið.[70]

[70] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-9.



**Mynd 36. Fjárhús [2798]. Minna húsið er framar á myndinni. Í baksýn v.m. sést núverandi íbúðarhús Norður-Reykja og h.m. eru Æsustaðir.**

Líklega hefur verið bárujárnsklætt timburþak á húsunum og tyrft yfir. Hrunið hefur inn í tóftirnar og má þar meðal annars sjá leifar af timbri og bárujárni. Við fornleifaskráningu árið 1980 sást líka móta ógreinilega fyrir um 1,5 m breiðri stétt eða palli, líklega steinhlaðinni, en hún er ekki lengur sýnileg. Hætt var að nota húsin um 1950 þegar fé var skorið niður en eftir það hefur ekki verið fjárbúskapur á Norður-Reykjum.[71]

Fjárhúsin eru vel varðveit og hafa ótvírætt minjagildi. Þau eru ofan við suðurmörk skipulagssvæðisins en utan þeirra og eru því ekki í hættu.

---

[71] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-9.




**Kort 17. Fjárhústóft [2798] sunnan við tún Norður-Reykja.**

## Túnahreinsun [2898-2912] grjóthrúga

Við Hlaðgerðarkotsveg ofan Norður-Reykja og Æsustaða hefur smágrjóti verið hrönglað saman í hrúgu. Þetta getur þó varla verið varða og er sennilega frekar um túnahreinsun að ræða. Hrúgan er um 1 m að þvermál og nær um 0,5 m hæð. Hún hefur varla neitt minjagildi og telst ekki til fornleifa.



**Mynd 37. Grjóthrúga frá túnahreinsun [2912] milli Æsustaða og Norður-Reykja sem sjást fyrir neðan.**

## Útihús [2898-2911] tóft – hóll

Ofan og sunnan við Hlaðgerðarkotsveg, beint suður af grjóthrúgu er svolítill hóll sem sker sig frá landslaginu í kring. Hann er mjög gróinn grasi og virðist mega greina óljós veggjabrot ofan í honum. Hóllinn er mest um 1,3 m að hæð. Hann hefur mögulega svolítið minjagildi en er utan marka og ekki í hættu.



**Mynd 38. Hóll með óljósum veggjabrotum ofan Norður-Reykja.**

## Beitarhús [2898-2700] og heygarður [2898-2760] tóftir

Sunnan við vegarslóða, í grasi vaxinni dæld í suðvesturhlíð Æsustaðafjalls eru tóftir af beitarhúsi [2700] og heygarði [2760]. Austan við þær liggur nýleg gata eða stígur í sveig. Svæðið er umkringt skógi og vaxa birkitré í beitarhústóftinni og grenitré á litlu tóftinni. Þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti en mjög yfirgrónar, snúa austur – vestur, opnar á vesturgafli og smáhalli á þeim í vestur. Veggir beitarhústóftarinnar eru heillegir, innanmál um 13 x 2 m og veggjabreidd 2 m. Hún skiptist í ytra rými, rúmlega 7 m langt og innra rými, sem líklega er heygeymsla, um 4 m langt. Við fornleifaskráningu 1980 var talað um að sums staðar hefði hrunið inn í tóftina og hleðslur voru þá miklu greinilegri en núna: „Um tveimur m inn frá innganginum var einföld steinaröð milli langveggjanna og hefur þar hugsanlega verið dyraumbúnaður.“ Í innra rýminu „voru veggirnir hvað hæstir eða um 1,4 m og sá vel í

steinhleðslurnar. Í húsinu mótaði fyrir bárujárnsbita og trébita úr þekjunni.“[72] Þetta sést þó ekki lengur vegna þess hve mikið hefur gróið yfir tóftina. Fast sunnan við hana er lítil ógreinilegri skeifulaga tóft [2760], um 4 x 2 m, sem hugsanlega hefur líka verið fyrir hey og er sennilega eldri en stærri tóftin.



**Mynd 39. Beitarhús [2700].**

Samkvæmt Guðjónu Benediktsdóttur á Norður-Reykjum heyjaði tengdafaðir hennar túnblett þarna og lét í tóft eða hlöðu en að sögn Jóels Jóelssonar bónda í Reykjahlíð var stærri tóftin af beitarhúsi frá Norður-Reykjum sem hætt var að nota laust fyrir 1940. Hlíf Gunnarsdóttir á Æsustöðum sagði að Jakob Einarsson hefði þá fært fjárhúsin [2798] nær Norður-Reykjum.[73]

Þessar tóftir hafa nokkurt minjagildi, einkum beitarhúsið. Þær eru langt utan skipulagsmarka og ekki hætta búin af framkvæmdum er stafar ógn af trjágróðrinum.

---

[72] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-10.
[73] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-10.



**Mynd 1. Tóft af heygarði [2760].**




**Kort 18. Beitarhús [2700] ásamt heygarði [2760] og stekkur [2701] nokkru sunnar.**

## Stekkur [2898-2701] tóft

Í aflíðandi brekku um 40 m frá tóftum af beitarhúsi [2700] og heygarði [2760], fast norðan við götu, er tóft af stekk og blasa hlíðar Reykjafells við þegar horft er til suðvesturs. Stekkurinn er um 9 x 4 m að stærð, snýr norður – suður og opnast í þá átt. Hann hefur mestmegnis verið byggður úr torfi með undirstöðu úr grjóti en er mjög yfirgróinn grasi, veggir sums staðar útflattir og óljósir. Norðurendinn sem snýr að hlíðinni virðist að hluta grafinn inn í hana.[74] Furutré vaxa allt í kring og hafa einnig sáð sér í tóftina. Stekkurinn hefur nokkurt minjagildi en er langt utan skipulagsmarka og því ekki hætta búin af framkvæmdum en er í hættu vegna trjágróðurs.



**Mynd 40. Stekkur [2701].**

[74] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 246-11.



**Mynd 2. Varða [2763] stendur á brún Æsustaðafjalls norðvestan megin.**

## Vörður [2898-2763 / 2764 / 2762 / 2761] landamerki

Samkvæmt landamerkjalýsingu Norður-Reykja liggja merkin móti Suður-Reykjum í upptök Skammadalslækjar, „þaðan eptir aðal keldudraginu niður í lækjarjarðfallið; en svo ræður nefndur lækur að [...] stórum steini norðan megin við Skammadalslæk" og þaðan liggja vesturmörk jarðarinnar „á móts við Hlaðgerðarkot [...] beina línu í vörðu vestanhalt á Öxlinni, þaðan í læk þann sem rennur á milli bæjanna norður í ána".[75] Þessa landamerkjavörðu vestan á Öxlinni má tengja tveimur vörðum sem standa á norðvesturbrún Æsustaðafjalls með um 27 m millibili og eiga líklega að sýna landamerki Norður-Reykja og Hlaðgerðarkots en stundum voru nokkrar vörður hlaðnar saman á merkjum milli jarða. Önnur varðan [2763] er uppmjó,

[75] *Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu.*

um 1 m há og 1 m breið. Hin varðan [2764] líkist meira grjóthrúgu eða hleðslu en einn steinninn í henni stendur áberandi upp úr. Hún er um 1,8 m að breidd og 0,6 m að hæð.

Um 120 m austar eru tvær aðrar vörður á fjallinu með um 30 m millibili. Varða [2762] er um 30 m norðan við vegslóða. Hún er um 1 m að breidd og 0,4-0,6 m há. Varða [2761] er austan við vörðu [2762], um 25 m norðan vegslóðans. Hún er um 1,3 m að breidd og 1-1,2 m há. Vörðurnar hafa nokkurt minjagildi. Þessar vörður gætu líka tengst landamerkjum. Þær eru þó langt utan við skipulagssvæðið og ekki í neinni hættu.



**Mynd 3. Varða [2764].**



**Mynd 4. Varða [2761].**



**Mynd 5. Varða [2762].**

### Leið [2898-2708] gata

Gömul leið liggur ofan Norður-Reykja og Æsustaða um norðurhlíð Æsustaðafjalls og hafa vörður uppi hábrúninni mögulega verið vegvísar fyrir hana. Leiðin hefur nokkurt minjagildi.




**Kort 19. Nokkrar minjar í túnum Hlaðgerðarkots (t.v.) og Norður-Reykja (t.h.).**

## Hlaðgerðarkot [247]

Hlaðgerðarkot er fyrst nefnt í *Jarðabók* árið 1703 en þá er jörðin í eigu bóndans á Suður-Reykjum og ábúandi einn leiguliði.[76] Þegar jarðatal var tekið árið 1847 var hún enn í bændaeign með einn leiguliða.[77] Síðar var nýbýlið Reykjahlíð stofnað í landi jarðarinnar og breyttist nafn hennar til samræmis við það einhvern tímann á árabilinu 1922-32.[78] Búreksturinn í Reykjahlíð byggði að hluta til á ylrækt þar sem jarðhitinn á svæðinu var nýttur og Stefán Þorláksson sem eignaðist jörðina árið 1933 reisti þar gróðurhús sem er elsta

[76] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*, III, 317.
[77] *Jarðatal á Íslandi*, 95.
[78] *Fasteignabók: Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915*; *Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931*.

gróðurhúsið á landinu sem enn stendur.[79] Árið 1966 segir um Reykjahlíð: „Byggðahverfi í Mosfellsdal. Mikill jarðhiti og þaðan var lögð lengsta hitaveitulögn til Reykjavíkur, röskir 20 km, eftir að höfuðborgin hafði keypt jörðina. Þarna er mikið um gróðurhús.“[80] Reykjahlíð komst í eigu Reykjavíkurborgar á fimmta áratugnum og frá árinu 1968 var þar garðyrkjubýli sem Jóel Jóelsson bóndi leigði að minnsta kosti frá 1979.[81] Árið 1947 gerði Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur auk þess samning við borgina um leigu á skika úr jörðinni og reisti stórt hús á sjötta áratugnum þar sem hið gamla Hlaðgerðarkot stóð áður. Tímabilið 1958-1971 var starfrækt sumardvalarheimili fyrir konur og börn í Hlaðgerðarkoti og um vetur var húsnæðið nýtt til skólahalds. Árið 1974 keypti Samhjálp svo Hlaðgerðarkot og síðan þá hefur þar verið rekið meðferðarheimili.[82]

---

[79] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 277.
[80] Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson, *Landið þitt*, 288.
[81] *Jarðaskrár 1958-1979*.
[82] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 349.




**Mynd 41. Túnakort Hlaðgerðarkots frá 1916.**



**Mynd 42. Þessi stóri hóll er fast sunnan við Hlaðgerðarkotshúsið og er tóft [2792] norðan í honum.**

## Bæjarstæði [2898-2704], kálgarður [2898-2363] og heimreið [2364] heimild

Á túnakorti Hlaðgerðarkots frá 1916 má sjá húsaþyrpingu [2704] ásamt kálgarði [2363] þar sem sennilega er gamla bæjarstæðið. Fjögur hús eru samliggjandi vestan megin í bæjarstæðinu og ganga tvö minni út frá þeim í austur. Húsin eru tengd saman með görðum og tvær samfastar samhliða byggingar til viðbótar eru í austurhorni garðsins. Byggingarefnið hefur aðallega verið grjót og torf. Heimreið [2364] liggur úr austri frá Norður-Reykjum fram hjá bæjarsæði Hlaðgerðarkots og áfram vestur yfir túnið.[83] Sigurður Narfi Jakobsson í Reykjadal 2, skammt frá Hlaðgerðarkoti, mundi eftir gömlu bæjarhúsunum árið 1936. En

[83] *Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit.*

tæplega tveimur áratugum síðar byggði Mæðrastyrksnefnd fyrsta húsið sitt ofan í rústirnar og þær hurfu undir það. Nú er meðferðarheimili rekið á staðnum.[84]



**Mynd 43. Horft suðvestur yfir útihústóft [2792].**

## Útihús [2898-2792] tóft

Á túnakorti frá 1916 stendur útihús úr torfi og grjóti eitt sér suður frá bæjarhúsum, rétt austan við læk sem rennur um túnið.[85] Tóft þessa húss er norðan í hól í brekkubrún gamla túnsins, um 50 m sunnan og ofan Hlaðgerðarkots og 100 m suðaustan við dælustöðvarhús. Suður frá henni eru aflíðandi brekkur neðan Æsustaðafjalls en beggja vegna við hana skorningar, mest afgerandi í austur. Túninu hallar til austurs frá tóftinni og bratt til norðurs. Hún er mjög grasi vaxin, snýr nokkurn veginn norður – suður, utanmál um 9,7 x 5,9 m og veggir 40-50 sm á

[84] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-1/2/3/4.
[85] *Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit*.

hæð, lægstir að norðan og einkum að vestan. Veggurinn vestan megin lækkar við norðurhornið og virðist hafa verið inngangur þar en erfitt er að greina skilin. Tóftin er dýpst í miðjunni en nokkuð mishæðótt og gæti verið þakhrun á botninum.[86]

Tóftin hefur nokkurt minjagildi. Hún er innan skipulagssvæðisins, staðsett við húsið á lóð Hlaðgerðarkots. Hún gæti því verið í hættu ef farið verður í framkvæmdir en er þó mest hætta búin vegna nálægðar við byggðina sem þarna er fyrir.



**Mynd 44. Horft norður yfir fjárhús [2702]. Dælustöðvarhús sést v.m.**

[86] Fyrst skráð 1980: Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-6.

## Fjárhús [2898-2702] tóft

Á túnakorti er annað útihús úr torfi og grjóti suðvestur frá bæjarhúsum, vestan við læk.[87] Tóft hússins er í aflíðandi brekku í túninu 40-50 m suðvestan við Hlaðgerðarkot, 5-6 m sunnan við dælustöðvarhús. Túnið hallar bratt í norður neðan tóftarinnar. Hún snýr norður – suður, utanmál um 9,5 x 6 m, þykkt veggja um 2 m og hæð 60-70 sm en þeir lækka við inngang á miðjum vesturvegg. Botninn er talsvert lægri en túnið austan tóftarinnar. Hún er grasi vaxin en heilleg og óskemmd nema hvað norðurhornið er farið. Samkvæmt Jóel Jóelssyni bónda í Reykjahlíð við fornleifaskráningu árið 1980 var þetta fjárhús frá Hlaðgerðarkoti sem hætt var að nota einhvern tímann um 1928-1930.[88]

Tóftin hefur nokkurt minjagildi. Hún er innan skipulagssvæðisins, fast við Hlaðgerðarkot. Hún gæti því verið í hættu vegna framkvæmda en aðalhættan núna stafar af ábúðinni.




**Kort 20. Tóftir [2702] og [2792] frá útihúsum og dæld [2705].**

[87] *Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit.*
[88] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-5/7. Var tvískráð.

## Útihús [2898-2705] dæld

Við fornleifaskráningu 1980 var skráð dæld um 50 m í suðaustur frá fjárhústóft [2791] þar sem túninu hallar í austur. Túnið var dældótt með grunnri laut og heldur grænna á þessum bletti en annars staðar. Móta virtist fyrir einhverju sem ekki var unnt að greina á neitt sköpulag en þarna gæti hafa staðið hús eða kofi.[89] Þessar minjar eru ekki sýnilegar lengur á vettvangi.

## Útihús [2898-2855] heimild

Um 100 m suðvestan íbúðarhússins í Reykjahlíð 2 og um 150 m norðvestan meðferðarheimilisins Hlaðgerðarkots voru skráðar hústóftir við fornleifaskráningu árið 1980: „Þetta er í krikanum neðan við veginn sem beygir heim að hælinu, í dálitlum hól í aflíðandi brekku sem hallar í NNA skammt ofan og sunnan hins flata dalbotns. Brekkan er á afgirtu svæði ofan gróðurhúsa Jóels Jóelssonar, bónda í Reykjahlíð II.“[90] Tóftin var mjög grasi vaxin, um 4 m á lengd og 2 m á breidd en hafði að hluta verið grafin inn í hólinn og erfitt að greina útlínur. Hún virtist u-laga, framgaflinn opinn í norðaustur en vantaði talsvert af báðum langveggjum. Jóel kvaðst hafa fundið spíral úr málmi þegar hann gróf í tóftina og tengdi það bruggi bóndans í Hlaðgerðarkoti. Um 40 m austan rústarinnar voru leifar sumarbústaðar sem var rifinn árið 1978 en sást á loftljósmynd frá árinu 1977.[91] Þessi tóft er ekki lengur sýnileg.

## Útihús [2898-2856] heimild

Um 20 m sunnan við u-laga tóftina [2855] var önnur tóft skráð 1980, „mjög grasi vaxin en mátti þó greina útlínurnar. Helmingur hennar var horfinn undir uppmokstur úr skurði eða grafinn burtu. Norðurveggurinn allur var þó heill, um 5 m langur, og mátti að utanverðu sjá steinhleðslur eða einfalda steinaröð. Framgaflinn snéri í austur. Breiddin að innan var með hliðsjón af heila veggnum áætluð um 2 m.“[92] Staðsetningin er ónákvæm í gömlu skráningunni en tóftin virðist vera horfin því hún fannst ekki núna.

---

[89] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-8.
[90] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-9.
[91] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-9.
[92] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-10.

## Kálgarður [2913] heimild

Kálgarður er merktur inn nyrst á túnakorti.[93] Engar leifar sjást lengur af honum á vettvangi. En er greinanlegur á loftmynd. Kálgarðurinn er í túni og hefur lítið minjagildi.

## Laug [2898-2857] heimild

Í fyrri fornleifaskráningu segir: „Í garðinum á bak við húsið í Reykjahlíð var laug. Vatnið í lauginni var um 40°C. Hún var með moldarbotni og hlöðnum steinhring í kring. Taldi bóndinn, Jóel Jóelsson, að þarna hefði verið baðlaug fyrr á tímum. Enn mótaði fyrir holu þar sem laugin var er skráningin var gerð 1980. Samkvæmt Sigurði Narfa Jakobssyni í Reykjadal 2 er laugin nú horfin þar sem trjám hefur verið plantað í hana. Vatnið var notað til að hita upp eitt lítið gróðurhús en fyllt var upp í laugina um 1970 við lagfæringar á túninu eða garðinum á bak við húsið.“[94]




**Kort 21. Kvíar [2799]. Mögulega leynast þarna umfangsmeiri minjar.**

---

[93] *Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit*; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-11.

[94] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-12.

## Kvíar? [2898-2799] þústir

Suðvestan Hlaðgerðarkots, neðan Vighóls, sjást þústir og þúfur. Jóel Jóelsson taldi við fornleifaskráningu árið 1980 hugsanlegt að þarna hefðu verið kvíar.[95] Þessar minjar eru enn þá sýnilegar og liggja með stefnu suðvestur – norðaustur. Þær eru ógreinilegar en ná yfir nokkuð stórt svæði miðað við kvíar og gæti það bent til að þarna leynist umfangsmeiri minjar. Þær hafa nokkurt minjagildi. Minjarnar eru utan skipulagssvæðis og því ekki í hættu.



**Mynd 45. Þústir [2799]. Mögulega hafa þarna verið kvíar.**

## Víghóll [2898-2914] sagnastaður

Magnús Grímsson segir: „Á skarðinu, sem skilr Helgafell og Reykjafell, stendr hamar einn, svo sem þriggja mannhæða hár, uppúr sléttri melbúngu. Hann heitir Víghóll, en eigi veit eg af

[95] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-15.

hverju það nafn er dregið."[96] Örnefnalýsing bætir við: „einkennileg klettastrýta" ofan og suðvestan Hlaðgerðarkots, „norðan til í Skammaskarði [...] vestan við hitaveitustokkinn."[97] Samkvæmt heimamönnum á næstu bæjum börðust þær Hlaðgerður í Hlaðgerðarkoti og Æsa á Æsustöðum á Vighól. Guðjóna Benediktsdóttir og Einar Jakobsson á Norður-Reykjum sögðu ekki vitað hvernig einvíginu lyktaði en Guðmundur Skarphéðinsson á Minna-Mosfelli sagði þær hafa orðið hvor annarri að bana og oltið niður af hólnum. Hann kvaðst oft hafa heyrt söguna.[98] Víghóll er enn á sínum stað og hefur gildi sem sagnastaður en sagan um einvígi kvenskörunganna tveggja er skemmtileg. Hóllinn er utan skipulagsmarka og er ekki í neinni hættu.

---

[96] Magnús Grímsson, „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar", 273.
[97] Ö-Reykjahlíð AG.
[98] Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 247-14.

# Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru 73 minjar. Þar af teljast 68 vera fornleifar og af þeim eru 44 sýnilegar á yfirborði en 24 eru einungis þekktar af heimildum, sjást ekki eða hafa hafa horfið vegna rasks. Samanburður við skráningu árið 1980 leiddi í ljós að fimm minjar sem þá voru skráðar á vettvangi eru nú horfnar, þ.e. þrjár tóftir [2861 / 2862 / 2863] á Hraðastöðum og tvær tóftir [2855 / 2856] í Hlaðgerðarkoti. Af túngarði [2864] á Hraðastöðum eru auk þess einungis eftir mjög laskaðar leifar og sömuleiðis hefur rétt [2866] verið raskað. Minjar á svæðinu tengjast búskap og er þar meðal annars að finna stekki, fjárhús og beitarhús, kvíar, garða, bæjartóftir og álagabletti. Merkar þyrpingar af landamerkjavörðum eru auk þess uppi á Æsustaðafjalli.

Mikilvægt er að fara með gát í grennd við gömlu bæjarstæðin fjögur sem eru innan svæðisins, þ.e. Hraðastaði [2858], Æsustaði [2850], Norður-Reyki [2794] og Hlaðgerðarkot [2704]. Gæta þarf að Hraðaleiði [2872], tóftum sunnan í túni Hraðastaða [2869 / 2870 / 2871], minjum í túni Norður-Reykja [2795 / 2796 / 2793] og tóftum sunnan Hlaðgerðarkots [2792 / 2791]. Aðrar sýnilegar minjar innan svæðis hafa lítið minjagildi en Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um hvort fullnægjandi sé að þær hafi verið mældar upp.

## Minjar innan skráningarsvæðis eða fast við mörkin

### Fjögur bæjastæði

Engar sýnilegar minjar eru um eldri bæi í þremur af hinum gömlu bæjarstæðum á svæðinu, þ.e. á Hraðastöðum [2858], Æsustöðum [2850] og í Hlaðgerðarkoti [2704]. Á Hraðastöðum og í Hlaðgerðarkoti hafa leifar eldri bæja horfið undir núverandi íbúðarhús. Æsustöðum er talið að bærinn hafi áður staðið framar á hlaðinu en hann er þá væntanlega kominn undir bæjarhlaðið eða aðkeyrslu. Á Norður-Reykjum hafa hins vegar varðveist tóftir [2794] sem gætu verið frá eldra bæjarstæði. Bæir hafa oftast verið endurbyggðir á sama stað gegnum aldirnar en flytjast stundum örlítið til. Hraðastaðir hafa verið í byggð frá 14. öld og sennilega lengur. Hinir bæirnir þrír hafa verið í ábúð að minnsta kosti frá því um 1700. Þarna gæti því allnokkur saga verið fólgin í jörðu og þarf að fara með gát við framkvæmdir í grennd við bæina.

## Hraðastaðir

Flestar minjar á Hraðastöðum hafa horfið undir byggð og á það líka við um minjar sem skráðar voru 1980. Þó má enn greina ósamfelldar leifar af fornum túngarði [2864] norðan og austan við húsin en þær eru mjög illa varðveittar. Utan í túngarðinum austanverðum er löskuð rétt [2866] og hjá henni mögulega óljóst veggjarbrot [2867]. Þessar minjar hafa lítið gildi. Tóftir frá beitarhúsi [2869] og heygarði [2870] finnast á hæð í túninu allnokkuð sunnan Hraðastaða. Þústir á hæðinni gætu bent til fleiri minja undir sverði og hefur beitarhúsið líklega verið byggt ofan í eldri fjárborg sem nefndist Hraðaborg [2865]. Nokkru austar, utan í brekkunni fyrir rótum Grímmannsfells og fast við austurmörk skráningarsvæðisins, eru leifar af stekk [2871]. Þessar minjar hafa nokkurt minjagildi. Á norðurbakka Suðurár, vestan við byggðina á Hraðastöðum, er svokallað Hraðaleiði [2872], lágur hóll sem líklega er náttúrulegur en hefur þó minjagildi vegna sagna um að þar sé haugur Hraða sem á að hafa búið á Hraðastöðum. Að frátöldum stekknum eru þessar minjar innan svæðisins og því í hættu ef farið verður í framkvæmdir.

## Æsustaðir

Á Æsustöðum er álagablettur með nafninu Æsuleiði [2851] þar sem landnámskonan Æsa á að vera grafin. Æsuleiði er sennilega náttúrulegt en hefur minjagildi sem álagablettur. Leið [2717-2322] liggur meðfram jaðri Æsustaðatúns við Hlaðgerðarkotsveg þar sem hann beygir suður. Þetta hefur ekki verið þjóðleið og henni hefur auk þess varið raskað þannig að hún hefur lítið minjagildi. Minjarnar eru innan skipulagsmarka og því í hættu. Önnur gata [2717-2323] og þrjú steypt hús [2321 / 2324 / 2327] sem þarna voru skráð á mörkunum eru nýlegar minjar sem ekki teljast fornleifar. Fast við suðurmörk svæðisins eru tóftir stekkjar [2695] og kvía [2696]. Þær hafa allnokkurt minjagildi en eru utan svæðisins og því ekki í hættu.

## Norður-Reykir

Á Norður-Reykjum hafa varðveist minjar austan við núverandi íbúðarhús sem gætu verið frá eldra bæjarstæði: tóftahóll [2794], húsgrunnur [2795] og garðlag [2796]. Þessar minjar hafa töluvert minjagildi, auk þess sem eldri minjar gætu leynst í jörðu. Tóft af geymslu [2797] í túninu austan bæjarstæðisins er þó líklega ekki gömul og hefur minna gildi. Í túninu sunnan við bæjarstæðið er kálgarður [2793] umgirtur hlöðnum veggjum sem hefur nokkurt minjagildi. Norðan við bæjarstæðið virðist auk þess mega sjá leifar af kálgarði [2706] á

loftmynd en hann hefur lítið minjagildi. Minjarnar eru allar innan skipulagssvæðisins og því í hættu. Fast utan við suðurmörk skipulagssvæðisins er vel varðveitt tóft af fjárhúsi [2798] sem hefur mikið minjagildi. Hún ætti þó ekki að vera í hættu.

### Hlaðgerðarkot

Í túninu sunnan Hlaðgerðarkots eru tvær ágætlega varðveittar útihúsatóftir [2792 / 2702] sem hafa nokkurt minjagildi. Á milli þeirra er dæld [2705] þar sem einnig gæti hafa verið útihús en hún hefur lítið minjagildi. Þessar minjar eru innan skipulagssvæðisins og því í hættu ef farið verður í framkvæmdir.

## Minja utan suðurmarka svæðis

Nokkrar minjar voru einnig skráðar þótt þær séu alllangt utan suðurmarka skipulagssvæðisins. Töluvert sunnan Hlaðgerðarkots eru þústir sem taldar hafa verið ógreinilegar leifar kvía [2799] en miðað við hve þær ná yfir stórt svæði gætu þarna líka leynst eldri minjar. Vörður [2763 / 2764 / 2762 / 2761] uppi á Æsustaðafjalli sunnan Hlaðgerðarkots og Norður-Reykja hafa líklega verið hlaðnar sem til að sýna landmerki þessara tveggja jarða. Enn þá sunnar eru tóftir af beitarhúsi [2700], útihúsi [2760] og stekk [2701]. Austar á Æsustaðafjalli, sunnan Æsustaða eru auk þess aðrar sex vörður [2766 / 2767 / 2765 / 2699 / 2698 / 2697] sem liggja frá norðvestri til suðausturs. Vörðurnar á fjallinu hafa sumar verið hlaðnar á landamerkjum en aðrar gætu hafa verið vegvísar fyrir leið [2708] niðri í fjallshlíðinni. Allar þessar minjar hafa nokkurt minjagildi. Hjá vörðunum var einnig skráður steyptur stöpull [2768] sem telst ekki til fornleifa. Þessar minjar eru allar langt utan skipulagsmarka og eru því ekki í neinni hættu.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki

landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*. Reykjavík: Pjaxi, 2005.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

*Fasteignabók. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915*. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík, 1921.

*Fasteignabók. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 41, 8. sept. 1931*. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík, 1932.

Helgi Torfason. *Jarðhiti á yfirborði í Reykjavík og nágrenni*. OS-97026. Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Orkustofnun, 1997. Sótt 14.11. 2022 á: https://orkustofnun.is/gogn/Skyrslur/OS-1997/OS-97026.pdf.

*Íslenzk fornrit*, I. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1968.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1896.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1923-1932.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

*Jarðaskrár 1958-1979*. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Magnús Grímsson. „Athugasemdir við Egilssögu Skallagrímssonar.“ *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju,* II. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka Bókmenntafélag, 1953-1957.

Markús Sigurðsson. „Mosfell í Mosfellssveit.“ *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823,* I. Sveinbjörn Rafnsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1983. Bls. 258-259.

Sigurður Vigfússon. „Rannsókn í Borgarfirði 1884“. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, 4, 1985, bls. 61-138.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunesssókna 1855.“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, III. Reykjavík: Félagið Ingólfur, 1937-1939. Bls. 221-240.

Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. *Landið þitt: Saga og sérkenni nær 2000 einstakra bæja og staða*. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1966-1968.

## Kort og landamerkjaskrár

*Fylgiblað með uppdráttum af túnum í Mosfellssveit*. 1916.

*Herforingjaráðskort Dana: Mosfellsheiði*. Kaupmannahöfn, 1909.

Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Lund: Gleerup, 1967.

*Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu*. Þjóðskjalasafn Íslands, 1890.

*Túnakort Hlaðgerðarkots í Mosfellssveit.* 1916.

*Túnakort Hraðastaða í Mosfellssveit.* 1916.

*Túnakort Norður-Reykja í Mosfellssveit.* 1916.

*Túnakort Æsustaða í Mosfellssveit.* 1916.

## Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Hraðastaðir AG: *Örnefnalýsing Hraðastaða.* Ari Gíslason skráði eftir Kjartani Magnússyni bónda í Helgadal. 1968.

Ö-Norður-Reykir: *Örnefnalýsing Norður-Reykja*. Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum skráði, líka eftir upplýsingum frá bróður sínum Hjalta Þórðarsyni.

Ö-Reykjahlíð: *Örnefnalýsing Reykjahlíðar (áður Hlaðgerðarkots)*. Ari Gíslason skráði. Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum las yfir og lagfærði lítillega. 1968.

Ö-Æsustaðir HÞ og ÓÞ: *Örnefnalýsing Æsustaða.* Ólafur Þórðarson (f. 1904) á Varmalandi, nýbýli úr Æsustaðalandi, skráði samkvæmt eigin þekkingu og upplýsingum frá bróður sínum, Hjalta Þórðarsyni, og Þórði föður þeirra. 1968.

Ö-Æsustaðir ÓÞ: *Örnefnalýsing Æsustaða, athugasemdir og viðbætur.* Skráð eftir Ólafi Þórðarsyni (f. 1904). 1983.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2898-2363 | Bæjarnafn | Hlaðgerðarkot | Gömul nr. | 247-4 | Jarðatalsnr. | 247 |
| Svæði | | Sveitarfélag | Mosfellsbær | Dagur | 10.06.2022 | Skráning | RT-RKT-HJH |
| Hlutverk | Kálgarður | Tegund | Heimild | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Friðað | Verkefni | Deiliskipulag N-Reykir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Aldur | 1800-1930 | Horfin | Já | Horfin ástæða | Sléttað yfir |
| Efni | Ekki metið | Gróður | | Umhverfi | Byggð og mannvirki |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Túnakort | Túnakort 1916 | Örnefnaskrá | |
| Mæling | Túnakort 1916 | Heimildir | |
| Isnet N | 410606,583 | Isnet E | 372456,137 |
| Verkefnanúmer MÍ | 2898 | Minjagildi | Ekki metið |
| Ljósmyndari | Loftmynd | Mótvægisaðgerðir | |



Á túnakorti Hlaðgerðarkots frá 1916 má sjá húsaþyrpingu [2704] ásamt kálgarði [2363].

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2898-2364 | Bæjarnafn | Hlaðgerðarkot | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 247 |
| Svæði | | Sveitarfélag | Mosfellsbær | Dagur | 10.06.2022 | Skráning | RT-RKT-HJH |
| Hlutverk | Leið/Traðir | Tegund | Heimild | Flokkur | Samgönguminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Friðað | Verkefni | Deiliskipulag N-Reykir | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | | Hættuorsök | |
| Aldur | | Horfin | Já | Horfin ástæða | |
| Efni | Ekki metið | Gróður | | Umhverfi | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort Hlaðgerðarkot | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Túnakort 1916 | Heimildir | | | |
| Isnet N | 410604,255 | Isnet E | 372473,07 | | |
| Verkefnanúmer MÍ | 2898 | Minjagildi | Ekki metið | | |
| Ljósmyndari | Túnakort | Mótvægisaðgerðir | | | |




Heimreið [2364] liggur úr austri frá Norður-Reykjum fram hjá bæjarstæði Hlaðgerðarkots og áfram vestur yfir túnið.

Nr. 2898-2702
Bæjarnafn Hlaðgerðarkot
Gömul nr. 247-5/7
Jarðatalsnr. 247

Svæði Tún
Sveitarfélag Mosfellsbær
Dagur 10.06.2022
Skráning RT-RKT-HJH

Hlutverk Fjárhús
Tegund Tóft
Flokkur Búsetuminjar

Sérheiti
Friðað Friðað
Verkefni Deiliskipulag N-Reykir

Ástand Greinanlegar fornleifar
Hættumat Mikil hætta
Hættuorsök Vegna ábúðar

Aldur 1800-1920
Horfin Nei
Horfin ástæða

Efni Torf og grjót
Gróður Gras
Umhverfi

Lengd 9,4 m
Breidd 5,4 m
Hæð
Hleðslu umferð

Túnakort Túnakort 1916
Örnefnaskrá

Mæling Uppmæling
Heimildir

Isnet N 410615,815
Isnet E 372383,874

Verkefnanúmer MÍ 2898
Minjagildi Nokkurt

Ljósmyndari Túnakort
Mótvægisaðgerðir




Á túnakorti er annað útihús úr torfi og grjóti suðvestur frá bæjarhúsum, vestan við læk. Tóft hússins er í aflíðandi brekku í túninu 40-50 m suðvestan við Hlaðgerðarkot, 5-6 m sunnan við dælustöðvarhús. Túnið hallar bratt í norður neðan tóftarinnar. Hún snýr norður - suður, utanmál um 9,5 x 6 m, þykkt veggja um 2 m og hæð 60-70 sm en þeir lækka við inngang á miðjum vesturvegg. Botninn er talsvert lægri en túnið austan tóftarinnar. Hún er grasi vaxin en heilleg og óskemmd nema hvað norðurhornið er farið. Samkvæmt Jóel Jóelssyni bónda í Reykjahlíð við fornleifaskráningu árið 1980 var þetta fjárhús frá Hlaðgerðarkoti sem hætt var að nota einhvern tímann um 1928-1930. Tóftin hefur nokkurt minjagildi. Hún er innan skipulagssvæðisins, fast við Hlaðgerðarkot. Hún gæti því verið í hættu vegna framkvæmda en aðalhættan núna stafar af ábúðinni.

| Field | Value | Field | Value | Field | Value | Field | Value |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2898-2704 | Bæjarnafn | Hlaðgerðarkot | Gömul nr. | 247-1 | Jarðatalsnr. | 247 |
| Svæði | | Sveitarfélag | Mosfellsbær | Dagur | 10.06.2022 | Skráning | RT-RKT-HJH |
| Hlutverk | Býli | Tegund | Heimild | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Friðað | Verkefni | Deiliskipulag N-Reykir | | |

| Field | Value | Field | Value | Field | Value | Field | Value |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | | Hættuorsök | | | |
| Aldur | 1600-1930 | Horfin | Já | Horfin ástæða | Vegna byggingar | | |
| Efni | Ekki metið | Gróður | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | | Hleðslu umferð | |
| Túnakort | Túnakort 1916 | Örnefnaskrá | | | | | |
| Mæling | | Heimildir | | | | | |
| Isnet N | 410639,393 | Isnet E | 372438,955 | | | | |
| Verkefnanúmer MÍ | 2898 | Minjagildi | Ekki metið | | | | |
| Ljósmyndari | Túnakort | Mótvægisaðgerðir | | | | | |




Á túnakorti Hlaðgerðarkots frá 1916 má sjá húsaþyrpingu [2704] ásamt kálgarði [2363] þar sem sennilega er gamla bæjarstæðið. Fjögur hús eru samliggjandi vestan megin í bæjarstæðinu og ganga tvö minni út frá þeim í austur. Húsin eru tengd saman með görðum og tvær samfastar samhliða byggingar til viðbótar eru í austurhorni garðsins. Byggingarefnið hefur aðallega verið grjót og torf. Heimreið [2364] liggur úr austri frá Norður-Reykjum fram hjá bæjarstæði Hlaðgerðarkots og áfram vestur yfir túnið. Sigurður Narfi Jakobsson í Reykjadal 2, skammt frá Hlaðgerðarkoti, mundi eftir gömlu bæjarhúsunum árið 1936. En tæplega tveimur áratugum síðar byggði Mæðrastyrksnefnd fyrsta húsið sitt ofan í rústirnar og þær hurfu undir það. Nú er meðferðarheimili rekið á staðnum.

| | |
|---|---|
| Nr. | 2898-2705 |
| Bæjarnafn | Hlaðgerðarkot |
| Gömul nr. | 247-8 |
| Jarðatalsnr. | 247 |
| Svæði | |
| Sveitarfélag | Mosfellsbær |
| Dagur | 10.06.2022 |
| Skráning | RT-RKT-HJH |
| Hlutverk | Óþekkt |
| Tegund | Heimild |
| Flokkur | Búsetuminjar |
| Sérheiti | |
| Friðað | Friðað |
| Verkefni | Deiliskipulag N-Reykir |
